

LÖGMANNA BLAÐIÐ

Lögmannafélag Íslands
90 ára
1911 - 2001

7. árg.

Maí

2 / 2001

Pistill formanns

Aðalfundur LMFÍ

Árshátíð LMFÍ

Groa@leiti.is

Frá félagsdeild LMFÍ

Af fyrirlestrum Karsten Engsig Sörensen á Íslandi

Útgefandi:
Lögmannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Jóhannes Karl Sveinsson hrl.

Ritnefnd:
Bjarki H. Diego hrl.
Björn L. Bergsson hrl.
Ragnar H. Hall hrl.



Gunnar Jónsson hrl.
Lögmenn í stjórn-
um hlutafélaga

—
Bls. 6

Viðar Lúdvíksson hdl.
Handalögmál og
ábyrgðartakmark-
anir í skilmálum
vátrygginga

—
Bls. 19

Hróbjartur
Jónatansson hrl.
Frumvarp til laga
um ábyrgðar-
menn

—
Bls. 23

Diplómanám fyrir aðstoðarfólk lögfræðinga / lögritara

Inntökuskilyrði:

Stúdentspróf. Námsefni er að mestu leyti á íslensku auk hliðsjónarefnis á öðrum tungumálum, einkum Norðurlandamálum. Góð íslenskukunnátta er mikilvæg.

Stúdentar, sem hafa náð 5,0 eða hærra einkunn í almenntri lögfræði á árinu 1995 eða síðar, þurfa ekki að taka grunnnámskeiðið almenn lögfræði fyrir lögritara, heldur fá eldra próf sitt í almenntri lögfræði metið í stað grunnnámskeiðsins.

Skrásetning:

Skrásetning nýrra stúdenta til náms við Háskóla Íslands háskólaárið 2001-2002 fer fram í Nemendaskrá Háskólans (á fyrstu hæð Aðalbyggingar) dagana 22. maí til 5. júní 2001. Umsóknareyðublöð fást í Nemendaskrá, sem opin er kl. 10-15 hvern virkan dag. Eyðublöðin er einnig hægt að nálgast á heimasíðu Nemendaskrár, <http://www.hi.is/stjorn/nemskra/>

Námið og námstillögur:

Lögritanámið jafngildir 45 einingum og er miðað við, að nemendur geti lokið því á 3 misserum.

Lögritanámið er á ábyrgð lagadeildar og byggist upp á námskeiðum, sem kennd eru við lagadeild (LD), viðskipta- og hagfræðideild (VH), félagsvísindadeild (FD) og heimspekideild (HD / TM).

Í lögritanáminu er nemendum gerð grein fyrir grundvallarhugtökum lögfræðinnar, réttarheimildum og beitingu þeirra og þeir fræddir um meginreglur er gilda um meðferð dómsmála og stjórnáskilumála. Ennfremur er nemendum veittar leiðbeiningar um lögfræðilega skjalagerð, rekstur, bókhald og skjalastjórnun, þeim kennd öflun upplýsinga og úrvinnsla úr lögfræðilegum heimildum, þ. á m. á Netinu. Mikil áhersla er lögð á notkun íslensks máls svo og kennslu í erlendum tungumálum, einkum í lagamáli.

Markmið:

Lögritanámi við lagadeild er ætlað að gera þá, sem því hafa lokið, færari til þess að veita lögfræðingum aðstoð við að rita lögfræðilegan texta, semja lögfræðileg skjöl, afla heimilda og upplýsinga og vinna úr þeim, færa bókhald, annast skjalastjórnun og hafa umsjón með rekstri, t.d. á lögmannsstofum.

Starfsvettvangur:

Þeir, sem lokið hafa námi sem lögritarar, ættu að hafa mun betri möguleika en aðrir til þess að fá störf sem sérhæfðir ritara og aðstoðarmenn á lögmannsstofum og sem sérhæfðir ritara og skjalaverðir hjá

dómstólum, ráðuneytum og öðrum stofnunum ríkis og sveitarfélaga, hjá einkafyrirtækjum á borð við banka og aðrar fjármálastofnanir, tryggingafélög og fasteignasölur og hjá hvers kyns samtökum.

Námskeið í lögritanámi, skyldunámskeið og valnámskeið:

Skyldunámskeið í lögritanámi vega 36 e og þar til viðbótar taka stúdentar valnámskeið úr öðrum háskólaeildum, sem vega minnst 9 e, og tengjast náminu.

Skyldunámskeið á haustmisseri 1. árs:

LD 03.29.01-006 Almenn lögfræði fyrir lögritara 10 e

Önnur skyldunámskeið á haustmisseri 1. og/eða 2. árs:

LD 03.29.04-016 Upplýsingaöflun og heimildavinna 2,5 e
HD 05.40.61-016 Hagnýt íslenska 5 e
VH 04.41.02-956 Reikningshald I 3 e

Skyldunámskeið á haustmisseri 2. árs:

LD 03.29.02-016 Réttarfar – formreglur 2,5 e
LD 03.02.13-996 Stjórnsýsluréttur I 2,5 e

Tillögur að valnámskeiðum á haustmisseri 1. og/eða 2. árs:

VH 04.41.01-956 Rekstrarhagfræði I 3 e
VH 04.44.18-956 Viðskiptaenska I 3 e
TM 05.77.01-996 Hagnýt danska I 3 e

Skyldunámskeið á vormisseri:

LD 03.29.03-010 Lögfræðileg skjalagerð 2,5 e
FD 10.01.14-020 Skjala- og upplýsingastjórn hjá fyrirt. og st. 3 e
HD 05.40.19-000 Málnotkun (í íslensku) 5 e

Tillögur að valnámskeiðum á vormisseri:

HD 05.44.61-000 Meðferð talaðs máls (í íslensku) 3 e
VH 04.41.09-960 Reikningshald II (forkröfur: Reikningshald I) 3 e
VH 04.41.07-020 Upplýsingatækni – tölvunotkun 3 e
VH 04.44.39-960 Viðskiptaenska II 3 e
TM 05.77.02-000 Hagnýt danska II 3 e

Allar nánari upplýsingar um lagadeild, laganám, lögritanám og háskólanám almennt er að finna á heimasíðu lagadeildar, <http://www.bi.is/nam/laga/>

Pistill formanns

Í byrjun nýs starfsárs hefur stjórn og varastjórn félagsins lætt áætlun um helstu verkefni sem félagið ætti að vinna að. Hlutverk LMFÍ er margþætt samkvæmt lögum um lögmenn og öðrum lögum. Má hér nefna að;

- LMFÍ kemur fram fyrir hönd lögmanna gagnvart stjórnvöldum og dómstólum.
- LMFÍ skal stuðla að því að sérhver sem þarfnast aðstoðar lögmans fái notið hennar.



Ásgeir Thoroddsen, hrl., formaður L.M.F.Í.

Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík
sími (telephone): 568-5620
bréfsími (telefax): 568-7057
tölvupóstur (E-mail): lmfí@lmfí.is
heimasíða: www.lmfí.is

Stjórn L.M.F.Í.

Ásgeir Thoroddsen hrl.,
formaður
Helgi Birgisson hrl.,
varaformaður
Ársæll Hafsteinsson hdl.,
gjaldkeri
Lára V. Júlíusdóttir hrl.,
ritari
Helgi Jóhannesson hrl.,
meðstjórnandi

Starfsfólk L.M.F.Í.

Ingimar Ingasson,
framkvæmdastjóri
Jóna Kristjana Kristinsdóttir,
félagsdeild
Guðný Gísladóttir, ritari

Bláðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn:
kr. 1.500 + vsk.

Verð pr. tölublað kr. 300 + vsk.

Netfang ritstjórnar: jks@landslog.is

Prentun:

Ísafoldarprentsmiðja

Umsjón auglýsinga:

Öflun ehf., sími 533 4440

- LMFÍ veitir skv. 12. gr. lögmannaálag undanþágu frá skyldum til að hafa skrifstofu opna almenningi, halda fjárvörslureikninga og starfsábyrgðatryggingar.
- LMFÍ hefur eftirlit með því að lögmaður uppfylli á hverjum tíma skilyrði til að stunda lögmansstörf, m.a. hvort fjárvörslureikningar og starfsábyrgðatryggingar séu í lagi.
- LMFÍ setur siðareglur fyrir lögmenn.
- LMFÍ tilnefnir fulltrúa í nokkrar nefndir svo sem í gjafsóknarnefnd og prófnefndir til öflunar hdl. og hrl. réttinda og í dómnefnd um héraðsdómaraembætti.

Með upptalningunni, sem er langt í frá tæmandi, sést hvernig félagið hefur annars vegar agavald yfir lögmönnum, sem við lögmenn höfum lagt áherslu á að sé hjá félaginu en ekki hjá Dómsmálaráðuneytinu, og hins vegar að félagið kemur fram fyrir okkar hönd og gætir hagsmuna okkar þegar það á við.

Þegar stjórnin fjallar nú um verkefnaáætlun eru það ekki hin lögbundnu verkefni sem fjallað er um, heldur önnur viðfangsefni sem geta horft okkar stétt til heilla. Vil ég nefna nokkur verk-

efni en allar ábendingar og hugmyndir frá félagsmönnum eru vel þegnar og stjórninni hvatning.

Eitt þýðingamesta verkefni félagsins er **símenntun lögmanna**. LMFÍ er með samning við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands um framkvæmd námskeiða og er þar í samstarfi við Lögræðingafélag Íslands og Dómarafélag Íslands. Nokkur óánægja hefur verið með samstarfið við Endurmenntunarstofnun og jafnvel komið til tals innan stjórnar að slíta því. Þá erum við sjálf með ýmis námskeið sem falla að okkar takmarkaða húsnæði fyrir fjölmenn námskeið.

LMFÍ stendur fyrir **málþingum**. Næsta málþing verður í apríllök í samvinnu við Læknafélag Íslands og þá er hið árlega málþing með Dómarafélagi Íslands, á Þingvöllum í júníbyrjun.

Heimasíðan fæðist nú loks, endurborin, innan skamms. Sérstök athygli er vakin á Þjónustuskra lögmanna, en þar geta lögmenn skráð sig eftir þeim sérviðum sem þeir sinna helst.

Á síðasta aðalfundi varð nokkur umræða um **málskostnaðar-ákvarðanir dómstóla** og þarf stjórnin stöðugt að vekja athygli dómstóla á því að hluti dæmðs málskostnaðar fer til greiðslu reksturs lögmennastofunnar, en er ekki hrein laun lögmansins. Er ætlunin að vinna nú að **nýjum kostnaðargrunni** sem gefi glögga mynd af rekstri lögmennastofu. Af sama meiddi eru ákvarðanir um **þóknun fyrir nefndarstörf** í þágu ríkisins, en þar gætir mikils ósamræmis. Þóknun tekur þar, í sumum tilfellum, mið af rekstrarkostnaði stofu lögmansins og viðurkennt að ekki verður hjá lögmanninum önnur tekju-

öflun meðan hann gegnir nefndarstörfum. Í öðrum tilfellum virðist þóknunin helst taka mið af því hver séu viðunandi aukalaun ríkisstarfsmanns á fullum mánaðarlaunum. Ríkisstarfsmaðurinn þarf ekki að standa undir daglegum rekstrakostnaði, en nefndarvinna fer alla jafna fram á hefðbundnum vinnutíma lögmans.

Í desember verður félag okkar **90 ára**, en það var stofnað 11 desember 1911. Hvernig viljum við minnst afmælisins? Hugmyndir hafa komið fram t.d. um almenna kynningu á félaginu og veglegt afmælisblað Lögmannablaðsins. Skora ég á félagsmenn að koma með tillögur um hvernig minnst megji þessara merku tímamóta.

Golfmót lögmanna sumarið 2001

I. Guðmundarbikarinn.

Minningarmót um Guðmund Markússon hrl. verður haldið á golfvelli Oddfellowa, Urriðavatslandi, föstudaginn 22. júní kl. 13.00. Leikfyrirkomulagið er punktakeppni með og án forgjafar. Hámark 24. Mótstjóri: Ólafur Gústafsson, hrl. Þátttaka tilkynnist mótstjóra fyrir lok vinnudags 7. júní. Áriðandi að keppendur mæti kl. 12.30.

II. Fjórleikur við tannlækna.

Keppnin fer fram á golfvelli Nesklúbbsins þriðjudaginn 3. júlí kl. 13.00. Umsjónarmaður Guðni Haraldsson, hrl.

III. Fjórleikur við lækna.

Keppnin fer fram á Strandarvelli á Hellu sunnudaginn 15. júlí kl. 11:00. Umsjónarmaður Gestur Jónsson, hrl.

IV. Fjórleikur við endurskoðendur.

Keppnin fer fram á Korpúlfsstaðavelli föstudaginn 27. júlí kl. 13:00. Umsjónarmaður Ólafur Axelsson, hrl.

V. Meistaramót LMFÍ

Mótið verður haldið föstudaginn 7. september kl. 12:00 á Garðavelli á Akranesi (Leynisvöllurinn). 18 holu höggleikur með fullri forgjöf, þó að hámarki 24. Einnig verður keppt án forgjafar. Sigurvegari með forgjöf telst félagsmeistari. Umsjónarmenn: Ásgeir Á. Ragnarsson hdl. og Baldvin B. Haraldsson hdl. Þátttaka tilkynnist umsjónarmönnum fyrir lok vinnudags 6. september.

Hvernig ferð þú með viðkvæmar upplýsingar?

www.gagnaeyding.is



GAGNAEYDING

Hæstiréttur Íslands

http://www.haestirettur.is

HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

DÓMAR

LÖG & REGLUR

UM HÆSTARÉTT

LEITARVÉL

PÓSTUR

TENGT EFNI

ENGLISH



HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS



Velkomin á heimasíðu Hæstaréttar Íslands

Hér er að finna ýmsar upplýsingar um æðsta dómstól þjóðarinnar, skipulag hans og starfsemi. Hæstiréttur var stofnaður með lögum nr. 22/1919 og tók formlega til starfa 16. febrúar 1920.

KRAFVÆRIR

FÁÐU UPPLÝSINGARNAR Á HEIMASÍÐUNNI

Pú getur m.a. nálgast eftirfarandi:

- Alla uppkveðna dóma réttarins frá 1. janúar 1999
- Dóma sem birtir eru í beinu framhaldi af dómsuppkvaðningu
- Upplýsingar um hvaða málum hafi verið áfrýjað til réttarins
- Upplýsingar um hvaða mál verði flutt á komandi vikum
- Upplýsingar um sögu, samsetningu og starfsemi réttarins
- Upplýsingar um Hæstarétt á ensku



HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

Dómshúsinu við Arnarhól, Lindargötu 2 • Sími: 510 3030

Lögmenn í stjórnnum hlutafélaga

Jóhannes Karl Sveinsson, hrl. og ritstjóri Lögmanna-*blaðsins*, skrifaði ágæta grein í síðasta lögmanna-*blað*, um sjálfstæði lögmanna og hlutabréf sem greiðslu fyrir lögmennsstörf. Í greinarlok gefur hann upp boltann um annað, tengt álitafni, sem er seta lögmanna í félagsstjórnnum skjólstæðinga sinna. Boltann henti ég á lofti. Ég vil einnig tengja málið öðru álitafni, sem mikið hefur farið fyrir í umræðu undanfarinna ára, samkeppni annarra stétta við lögmenn.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fjölmargir lögmenn sitja í stjórnnum hlutafélaga í atvinnuskyni. Ekkert bannar slíkt að lögum og ég tel víst, að félögum geti nýst afskaplega vel að hafa starfandi lögmenn í stjórn. Þeir búa yfir sérþekkingu sem aðrir stjórnarmenn, tengdir rekstrinum vegna t. d. hlutafjáreignar eða starfa fyrir félagið, búa síður yfir og þekkja betur þær skyldur sem á stjórn hvíla en aðrir. Þá veit ég af eigin reynslu, að á stjórnarfundum koma oft upp lögfræðilegar spurningar, sem eiga sér tiltölulega einföld svör, alla vega fyrir þá sem kunna. Það hlýtur að vera kostur fyrir félag, að stjórnarmaður geti veitt þau svör. Spurningin er hins vegar hvort fari saman að sinna lögmennsku fyrir félag og sitja í stjórn þess. Þar vandast málið nokkuð.

Hvorki í siðareglum LMFÍ né systurfélaga þess annarstaðar á Norðurlöndum, að mér sé kunnugt, er að finna reglu sem tekur beinlínis á setu lögmanna í stjórn félags sem er umbjóðandi hans. Kjarni siðareglanna er að lögmaður sé í störfum sínum sjálfstæður og óháður. Lögmaður má ekki láta aðra hagsmuni en skjólstæðingsins hafa áhrif á hvað hann ræður skjólstæðingi að gera eða aðhefst fyrir

hann. Innan þess ramma sem lög og siðareglur setja okkur eiga hagsmunir skjólstæðingsins alltaf að ráða för.

*Spurningin er hins vegar
hvort fari saman að
sinna lögmennsku fyrir
félag og sitja í stjórn þess.
Þar vandast málið
nokkuð.*

Undanfarin misseri hafa lögmenn víða um heim barist gegn því, sem þeir telja sókn annarra stétta, helst endurskoðenda, inn á sitt svið. Okkar rök í þeirri baráttu hafa ekki síst snúist um sérstakar trúnaðarskyldur lögmanna við sína skjólstæðinga, sem taki fram því sem um endurskoðendur gildi. Þá hafa þau rök einnig verið notuð, að ótækt sé að endurskoðun, rekstrarráðgjöf og lögfræðiráðgjöf sé á einni og sömu hendi, svo sem stóru alþjóðlegu endurskoðunarfyrirtækin stefndu ljóst og leynt að.^[1] Þannig var spurt hjá hverjum hollusta lögfræðideildarinnar lægi þegar kæmi að spurningum um það, hvort ráðgjöf hafi verið veitt með viðhlitandi hætti eða mistök orðið við endurskoðun hjá umbjóðandanum. Er hugsanlegt að lögmaður félags, sem einnig situr í stjórn þess, sé undir sömu gagnrýni seldur? Það kann að vera, sé fyllsta aðgát ekki viðhöfð. Lögmenn mega ekki verða grjótkastarar í glerhúsi, eigi rök þeirra fyrir því af hverju til þeirra skuli leitað, en ekki annarra, að vera trúverðug.

Lög um hlutafélög og einkahlutafélög leggja stjórnarmönnum félaga ýmsar skyldur á herðar. Á stjórnarmönnum hvílir sérstök trúnaðarskylda gagnvart félaginu.

Stjórn ber t. d. að sjá um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félags (68. gr. 3. mgr. hfl.) og ársreikningur félags, sem er mynd þess út á við, er gefinn út af stjórn félags og á ábyrgð þess. Almennt má segja, að frumskylda stjórnarmanns sé að gæta hagsmuna félagsins í hvítvetna. Bregðist stjórnarmenn þeirri skyldu sinni, þannig að félagið beri skaða af, geta þeir þurft að sæta bæði bóta- (XV kafli hfl. og ehfl.) og refsíabyrgð (XVIII kafli hfl. og ehfl.).

Stjórn getur staðið frammi fyrir því, að grunsemdir kvikni um misferli starfsmanna félags eða stjórnarmanna, félaginu til tjóns. Til þess að á bóta- eða refsíabyrgð reyni, þurfa almenn skilyrði til slíkrar ábyrgðar að vera fyrir hendi. Þannig verður stjórnarmaður því aðeins bótaábyrgur gagnvart félagi, að hann hafi valdið því tjóni með saknæmum hætti. Hugsanlegt er, að ríkari kröfur verði að þessu leyti gerðar til löglærðra stjórnarmanna en annarra og því líklegra að á þeirra ábyrgð reyni.^[2]

Eðlileg viðbrögð stjórnar, sem teldi möguleika á að eitthvað það hefði átt sér stað í rekstri félagsins sem fella kynni ábyrgð á starfsmenn eða stjórnendur, væru að kalla lögmenn félagsins til ráðgjafar um aðgerðir og viðbrögð. Ætla mætti að lögmaður byrjaði á því að reyna að upplýsa atvik máls. Athugun lögmannsins hlyti, eðli málsins samkvæmt, m. a. að taka til þess hvort stjórnin hafi staðið í stykkinu. Sé lögmaður félags, sem skoðar hugsanlega ábyrgð starfs- eða stjórnarmanna, jafnframt stjórnarmaður í félaginu væri hann að skoða eigin verk og eigin ábyrgð. Það er ótækt og fæli í sér brýnt brot á þeirri meginskyldu lögmanna, að láta hagsmuni skjól-

stæðingsins eina ráða för. Einnig reyndi þar á skyldu lögmans skv. 17. gr. siðareglna, um trúnað við skjólstæðing. Hvað er lögmaður hefði hag af því að upplýsa um atvik, sem færi í bága við hagsmuni félags að upplýst yrði um, til að fría sig af ábyrgð sem stjórnarmaður? Þeirri aðstöðu má einfaldlega ekki bjóða heim. Jafnvel þótt lögmanni tækist að vera algerlega hlutlægur í mati sínu, svo sem honum er skylt að 10. gr. siðareglna, væri augljóslega boðið heim hættunni á því, að hlutlægni hans yrði með réttu í efa dregin. Lögmenn eiga að segja sig frá málum til þess að afstýra slíkri hættu. Sama niðurstaða á við um hverja ákvörðun slíkrar stjórnar, sem orka kynni tvímælis eða ágreiningur að rísa um og kæmi til nánari skoðunar.

Þetta er enn augljósara í málum sem rekin eru fyrir dómstólum þar sem reynir á störf stjórnar. Það getur ekki verið skjólstæðingi fyrir bestu, að stjórnarmaður flytji slík mál. Lögmaðurinn býður þá heim þeirri hættu að þurfa að réttlæta og verja eigin verk og illa gæti hann gefið skýrslu í máli sem hann flytti sjálfur, þótt þess séu reyndar dæmi. Lögmaður, sem jafnframt er stjórnarmaður, á ekki að sinna lögmennsku fyrir félagið í málum þar sem störf stjórnarinnar varða einhverju um niðurstöðuna eða kunna að koma til skoðunar við leit að niðurstöðu. Með því að gera það væri lögmaðurinn tvímæla-laust að selja sig undir þá gagnrýni, sem lýst var að framan og höfð hefur verið uppi gagnvart stóru alþjóðlegu endurskoðunarskrifstofunum. Slíkur lögmaður ætti altént að forðast að kasta grjóti. Auk þess sem farið væri á svig við siðareglur, má segja að enska orðtakið *a lawyer who represents himself has a fool for a client* eigi hér við.

Þessi niðurstaða mín breytir engu um það, að ég tel það geta nýst hlutafélögum afar vel að hafa starfandi lögmenn í stjórnnum sínum og að lögmenn eigi að bera sig eftir slíkum störfum. Stjórnarsetan þarf ekki að girða fyrir að lögmað-

urinn sinni að einhverju marki dæmigerðum lögmansstörfum fyrir félagið. Þeir geta gengið frá tilkynningum til hlutafélagaskrár, stjórnad fundum, annast skjala-gerð, tekið þátt í vinnu við yfirtöku annars félags o. fl. Þeir gætu jafnvel flutt mál fyrir félagið, væri ljóst að í slíku máli kæmu störf stjórnarinnar ekkert til skoðunar. Þar dettur mér í dæmaskyni í hug mál sem t. d. varða rétt til skrásetningar vörumerkis eða til varnar hugverkarétti í eigu félags, þ. e. mál þar sem einfaldlega er gætt hagsmuna félags án þess að til álita komi að stjórn beri á einhvern hátt ábyrgð á því að hagsmunir séu ekki svo tryggir sem vera ætti. Við mat á því hvaða störf lögmenn, sem sitja í stjórn félags, taka að sér fyrir félagið ber þó að fara mjög varlega. Það þekkjá allir af eigin raun, að oft er örðugt í upphafi að sjá nákvæmlega hvernig mál þróast og á hvað muni reyna. Séu menn í vafa ættu þeir því að segja sig frá verkum. Þá er augljóst, að stjórn ætti erfiðara með að gagnrýna verk samstjórnanda en utanaðkomandi lögmans, sem fer almennt í bága við hagsmuni félagsins.

- - - - -

Lögmaður, sem jafnframt er stjórnarmaður, á ekki að sinna lögmennsku fyrir félagið í málum þar sem störf stjórnarinnar varða einhverju um niðurstöðuna

- - - - -

Niðurstaða mín er því sú, að ekkert sé að því að lögmenn taki að sér stjórnarsetu í hlutafélögum. Heppilegra er hins vegar að lögmennskan felist aðallega í stjórnarsetunni og einföldum ágreiningslausum verkefnum sem af henni leiða en að hún sé afleiðing þess að menn hafi gegnt lögmennsku fyrir félag. Þá aðstöðu ber að varast. Lögmenn eiga ekki að setjast í stjórn félaga sem verið hafa um-

bjóðendur þeirra nema að vel at-
huguðu máli. Þeir verða að gera sér grein fyrir því, að stjórnarsetan hlýtur að breyta sambandi við félagið sem umbjóðanda. Þá verða þeir að segja sig frá málum sem lögmenn, telji þeir minnstu hættu á að hagsmunaárekstur sé eða kunni að verða fyrir hendi.

Kjarni málsins er því einfaldlega sá að lögmenn hafi siðareglurnar að leiðarljósi, í þessum störfum sínum sem öðrum. Með því einu verður málflutningur okkar um yfirburði gagnvart samkeppnisstéttunum líka trúverðugur.

[1] Þátið er notuð vísitandi. Svo virðist sem ákvörðun bandaríska verðbréfaeftirlitsins, sem kvað á um aðskilnað ráðgjafarstarfsemi og endurskoðunar, hafi falið í sér nokkur vatnaskil í þessu efni.

[2] Um þetta vísast nánar til rits Stefáns Más Stefánssonar, prófessors, um hlutafélög og einkahlutafélög, 22. kafla.

Útleiga á fundarsal

Lögmenn geta fengið leigðan fundarsal á jarðhæð í húsnæði félagsins undir t.d. skiptafundi, gerðardómsmál o.fl.

Salurinn rúmar u.þ.b. 20-25 manns ef setið er við borð en annars eru sæti fyrir um 35-40 manns.

Leiguverðið er 2.500 krónur fyrir klukkustundina auk virðisaukaskatts.

Einnig er hægt að panta kaffiveitingar.

Aðalfundur Lögmannafélags Íslands

Aðalfundur Lögmannafélags Íslands var haldinn föstudaginn 16. mars s.l. Fundarstjóri var kosinn Pétur Guðmundarson, hrl. og fundarritari Björg Rúnarsdóttir, hdl. Á dagskrá fundarins voru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.

Skýrsla stjórnar

Formaður félagsins flutti skýrslu stjórnar og vísaði m.a. til prentaðrar ársskýrslu, sem send var félagsmönnum fyrir fundinn. Í erindi sínu gerði formaðurinn að umtalsefni mál sem borið hefðu hæst á liðnu starfsári. Vék hann þar m.a. samskiptum Lögmannafélagsins og dómsmálaráðuneytisins, og túlkun ráðuneytisins á því hvaða störf teldust ósamrýmanleg handhöfn málflytningarréttinda. Benti hann á að í ljósi afstöðu ráðuneytisins hafi stjórn félagsins talið sér skylt að veita öðrum ríkisstarfsmönnum en þeim er starfa hjá dómstólum og fullnægja að öðru leyti almennum skilyrðum, undanþágu frá skyldum 12. gr. lögmannalaganna. Við þetta hafi félagsmönnum fjölgað, en að lögmenn þyrftu ekki að hafa áhyggjur af því að fjölgun ríkisstarfsmanna í félaginu hefði í för með sér að Lögmannafélagið tapaði sýn á því meginhlutverki sínu



**Ingimar
Ingason**
framkv.stj.
LMFI

er snúi að réttindum og skyldum sjálfstætt starfandi lögmanna. Hlufallslega væri félagsaðild virkra félaga með þeim hætti að tæp 70% væru starfandi lögmenn eða fulltrúar þeirra. 13% félagsmanna starfi hins vegar hjá ríki eða sveitarfélögum, 11% hjá fyrirtækjum og félagsamtökum og 7% hjá bönkum og fjármálastofnunum.

Formaðurinn kom inn á þá nýjung á skipan stjórnar Lögmannafélagsins er varð á síðasta aðalfundi, með kosningu innanhússlögmans, í stað þess að í stjórn sætu einungis sjálfstætt starfandi lögmenn eða fulltrúar þeirra. Þessi nýjung hefði verið eðlileg í framhaldi af flutningi úrskurðarvalds í ágreiningi um störf lögmanna frá stjórn félagsins til sérstakrar úrskurðarnefndar. Taldi formaðurinn almenna ánægju ríkja með þessa breytingu, og ennfremur að innanhússlögmenn myndu í vaxandi

mæli finna samkennd með félagi sínu og að þátttaka þeirra í félagsstörfum myndi aukast.

Því næst vék formaðurinn að rekstrarafkomu félagsins á síðasta ári, en hún hafi verið óviðunandi eins og raunar nokkur undanfarin ár. Væri tapið nú, tilkomið vegna sérstakra útgjalda félagsins á síðasta ári, sem öll hefðu verið færð til gjalda á árinu. Þar hafi vegið þyngst kostnaður vegna “ad hoc” úrskurðarnefndar og vegna óuppgerðra launa vegna fyrri ára. Væri harla ólíklegt að fjárhagur félagsins yrði fyrir slíkum skakkaföllum árlega. Hefði þessi skellur ekki komið til, væri fjárhagur í sæmilegu jafnvægi, einkum þegar við bættist tæplega 1.0 mkr. kostnaður vegna sérstakra verkefna sem ráðist hafi verið í á síðasta ári, þ.e. endurskoðun handbókar og gerð heimasíðu.

Þá gerði formaðurinn að umtalsefni agavald yfir lögmönnum og mikilvægi þess að halda agavaldi innan félagsins sem hluta af stöðugri baráttu fyrir sjálfstæði lögmannastéttarinnar. Sú niðurstaða hafi hins vegar þýtt að Lögmannafélagið bæri kostnað af störfum úrskurðarnefndar sem væri verulegur. Léti nærri að fjórðungur árgjalda félagsmanna á rekstrarárinu hafi gengið til þess að halda agavaldinu hjá félaginu. Benti formaðurinn á að stjórn félagsins hafi m.a. reifað þá hugmynd að við næstu endurskoðun lögmannalaganna yrði nefndarmönnum úrskurðarnefndar fækkað úr fimm í þrjá, þótt ekki yrði raskað þeim grundvelli að meirihluti nefndarinnar væri skipuð starfandi lögmönnum.

Formaðurinn gerði einnig að umtalsfni nýlegar skipanir í embætti hæstaréttardómara og bókun stjórnar félagsins sem send var

Verkaskipting stjórnar

Eins og félagsmönnum ætti að vera kunnugt, var Ásgeir Thoroddsen, hrl., endukjörinn formaður Lögmannafélags Íslands á aðalfundi félagsins 16. mars s.l. Á fundi nýkjörinnar stjórnar félagsins 21. sama mánaðar, var síðan tekin ákvörðun um verkaskiptingu hennar, sem er sem hér segir: Helgi Birgisson, hrl., varaformaður, Lára V. Júlíusdóttir, hrl., ritari, Ársæll Hafsteinsson, hdl., gjaldkeri og Helgi Jóhannesson, hrl., meðstjórnandi.

dómsmálaráðherra, þar sem athygli ráðherrans var vakin á mikilvægi þess að Hæstiréttur sé jafnan skipaður dómurum með starfsreynslu af sem flestum sviðum lögfræðinnar, þ.m.t. lögmannsstörfum og athygli vakin á því, að við brotthvarf Hjartar Torfasonar úr embætti, byggji aðeins einn skipaðra dómara réttarins yfir reynslu sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Benti formaðurinn á að á síðustu 30 árum hafi verið skipaðir 24 hæstaréttardómarar og af þeim hefðu 6 komið úr röðum sjálfstætt starfandi lögmannna, 10 úr röðum dómara, 6 frá Háskóla Íslands og 2 úr embættismannageiranum. Þegar litið væri til þessa 30 ára tímabils, mætti álykta að ráðherrar hafi reynt að gæta jafnvægis. Í síðustu sex skiptin hafi hins vegar enginn lögmaður orðið fyrir valinu, þ.e. ekki síðan 1991. Væri Guðrún Erlendsdóttir ein talin búa að reynslu sem sjálfstætt starfandi lögmaður, en hún hafi verið skipuð 1986.

Loks fjallaði formaðurinn um þóknun lögmannna fyrir nefndarstörf á vegum ríkisins og málaferli sem nú væru í gangi vegna ágreinings um þóknun fyrir störf lögmannna þar sem Þóknunarnefnd hafði ákveðið kr. 2.200. í stað kr. 5.300 eins og reikningur lögmannssins hljóðaði upp á. Benti formaðurinn á að Lögmannafélagið hafi barist fyrir viðurkenningu ríkisins á hæfilegum launum til lögmannna og bent á að ríkisstarfsmenn á fullum launum fengju sérstaklega greitt fyrir nefndarstörf sem unnin væru á venjulegum vinnutíma, en lögmaður væri án launa annars staðar frá, meðan hann gegndi nefndarstörfum. Þá væri í tímagjaldi lögmanns kostnaður af rekstri stofu, sem félli ekki niður meðan hann gegndi nefndarstörfum. Einnig hafi félagið bent á að mikils misræmis gætti í greiðslum ríkisins fyrir nefndarstörf og önnur störf sem ríkið greiddi fyrir. Sem dæmi þessa nefndi formaðurinn að Dómstólaráð hafi ákvarðað tímalaun réttargæslumanna kr. 6.500, Kjaranefnd greiddi kr. 5.500



Ásgeir Thoroddsen, brl. formaður LMFÍ flytur skýrslu stjórnar. Helgi Birgisson, brl., er til hægri á myndinni en til vinstri Björg Rúnarsdóttir, hdl. ritari fundarins og Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri LMFÍ.

til nefndarmanna samkvæmt tíma-skýrslum og Örorkunefnd kr. 6.000. Í lok ræðu sinnar þakkaði formaður fráfarandi stjórnarmönnum samstarfið og starfsmönnum fyrir vel unnin störf og bað fundargesti um að minntist tveggja félagsmanna er fallið höfðu frá á starfsárinu, með því að rísa úr sætum.

Ársreikningar

Framkvæmdastjóri félagsins gerði grein fyrir ársreikningi félagsins fyrir árið 2000, en reikningar félagsins fylgdu prentaðri skýrslu stjórnarinnar. Fram kom í máli framkvæmdastjórans að þrátt fyrir auknar tekjur af árgjöldum, hafi töluvert tap verið á rekstri félagsins og gerði hann grein fyrir helstu skýringum þess. Þannig hafi laun og launatengd gjöld hækkað milli ára, m.a. vegna ógreiddra launa til fyrrverandi framkvæmdastjóra félagsins, kostnaðarauka vegna reksturs skrifstofu í tengslum við endurútgáfu og dreifingu handbókar lögmannna og smíði nýrrar heimasíðu, en stærsti einstaki þátturinn í neikvæðri rekstrarniðurstöðu félagsins hafi verið kostnaðarauki upp á um 1,7 mkr. vegna reksturs úrskurðarnefndar lög-

mannna. Á móti kæmi að rekstrar-tekjur hafi hækkað um 22% milli ára, eða úr 17,2 mkr árið 1999 í 21 mkr. árið 2000 og töluverður hagnaður af sölu sumarhúss félagsins. Þegar tekið hafi verið tillit til afskrifta og fjármagnsliða, væri heildarniðurstaðan hins vegar neikvæð um 2.1 mkr. á rekstri skyldubundna hlutans og 120 þkr. á rekstri félagsdeildar, eða samtals um 2.2 mkr. á rekstri félagsins í heild, á móti tæplega 1.8 mkr. tapi árið á undan. Loks gerði framkvæmdastjóri grein fyrir stöðu Námssjóðs og uppgjöri á Ábyrgðarsjóði lögmannna.

Fjörugar umræður áttu sér stað um reikninga félagsins og reyndar aðra þætti sem snúa að starfsemi félagsins, þar sem fjölmargir félagsmenn tóku til máls. **Jónas Haraldsson, hdl.**, gerði m.a. útistandandi árgjöld að umtalsefni og taldi að með langvarandi skuldasöfnun félagsmanna sýndu þeir félaginu lítulsvirðingu og ættu í raun engan rétt til að vera í félaginu. Skoraði hann á stjórn félagsins að sýna fulla hörku í innheimtu þessara skulda. **Jakob R. Möller, hrl.**, tók undir þá skoðun að herða þyrfti innheimtu félagsgjalda, en



Elinborg J. Björnsdóttir hdl., Benedikt Ólafsson, hdl., Örn Höskuldsson, hrl., og Jakob R. Möller hrl.

þó ekki svo langt að krefjast gjaldþrotaskipta á búum skuldara. Einnig gerði Jakob skilyrði 12. gr. lögmannalaganna að umtalsefni. Var hann sammála því sem fram komu í erindi formanns, um að þar sem tæp 70% félagsmanna í LMFÍ væru starfandi lögmenn, væri enn ekki hætt á að megináherslur félagsins myndu ekki áfram snúast um hagsmuni sjálfstætt starfandi lögmanna. Hins vegar taldi hann að í slíkum niðurstöðutölum þyrfti að koma fram hlutfall sjálfstætt starfandi lögmanna og svo fulltrúar þeirra, því halda þyrfti því aðgreindu, hverjir störfuðu á eigin ábyrgð og hverjir ekki. Einnig hvaðst Jakob sammála framkomnum hugmyndum um fækkun nefndarmanna í úrskurðarnefnd lögmanna. Loks gerði Jakob að umtalsefni þóknun til lögmanna sem starfa í nefndum á vegum hins opinbera og var sammála því, að hún væri alltof lág. Koma yrði dómsmálaráðuneyti og dómstólum í skilning um þann kostnað sem hlýst af rekstri lögmennsstofu. Brýnt væri að sú þekking sem lögmenn byggju yfir, kæmist til skila í nefndum á vegum ríkisins. **Róbert Árni Hreiðarsson, hdl.**, taldi að taka þyrfti á árlegum taprekstri fé-

lagsins og tók undir það sjónarmið að taka þyrfti á vanskilum félagsmanna, þar sem félagsgjöld væru undirstaða reksturs félagsins. Félagsgjöldum ætti að verja til að bæta fjárhagslega afkomu lögmanna sjálfra og að stjórn félagsins yrði að hafa það hugfast, að félagið væri til fyrir félagsmenn en ekki aðra. Kvaðst Róbert hafa gert samamburð á afkomu íslenskra lögmanna og starfsbræðra þeirra í Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi og Eystrasaltsríkjunum. Niðurstæða þess samamburðar hafi leitt í ljós nánast broslega laka afkomu íslenskra lögmanna miðað við hina erlendu. Nauðsynlegt væri að stjórn LMFÍ hlutaðist til um að ný úttekt yrði gerð á rekstrarkostnaði lögmennsstofa og að niðurstaðan yrði kynnt dómstólum. **Benedikt Ólafsson, hdl.**, tók undir framkomnar skoðanir um of lágt tímagjald lögmanna. Vísaði hann til niðurstöðu nefndar á vegum lögmanna, sem starfrækt hafi verið árið 1992 til samninga við ríkið um eðlilegt endurgjald lögmanna fyrir störf sín. Taldi hann að ef niðurstöðutölur nefndarinnar um kostnað vegna stofureksturs væru endurmetnar með hliðsjón af viðmiðum skattstjóra, kæmi í ljós að lög-

menn þurfi að selja tíma sinn á röskar kr. 11.000, auk virðisauka-skatts. **Ólafur Rafnsson, hdl.**, bar fundinum kveðju sjálfstætt starfandi lögmanna í Hafnarfirði og benti á að við ákvörðun þóknunar þyrfti að taka mið af þeim tímum sem hægt væri að selja út á ársgrundvelli, sem væri í kringum 1.600 tímar fyrir sjálfstætt starfandi lögmenn og um 1.700 tímar fulltrúa eða samtals 2.100 tímar. **Gestur Jónsson, hrl.**, tók undir hugmyndir um fækkun nefndarmanna í úrskurðarnefnd. Varðandi þóknun lögmanna taldi Gestur að á skorti að lögmenn umgengjust tímagjald sitt á réttum forsendum. Mörg þeirra mála sem kæmu til kasta úrskurðarnefndar bæru með sér, að viðskiptamenn lögmanna hefðu ekki fengið eðlilegar og sanngjarnar upplýsingar í verkbyrjun. Af því leiddi, að viðkomandi viðskiptamenn gætu vart átt von á fjárhæð þess reiknings er þeim væri gerður í verklok. Lögmenn þurfi því að gera gjaldskrár sínar sýnilegri og gera viðskiptamönnum sínum það alveg ljóst í byrjun verks, hvað verkið muni kosta. Væri slíkt gert, skipti ekki máli hvort tímagjaldið væri kr. 6.000 eða 11.000. **Björn L. Bergsson, hrl.**, gerði kynningu aðalfundarins að umtalsefni sem hugsanlega skýring á lélegri fundarsókn, en vanda hefði mátt betur til hennar og fyrir fundinn hafi hann ekki enn verið búinn að fá póstsenda ársskýrslu stjórnar. Fundarstjóri og framkvæmdastjóri félagsins svöruðu athugasemdum Björns L. með vísan til þess að öllum félagsmönnum hafi verið sent fundarboð með bréfi dags. 28. febrúar, ásamt því að fundurinn hafi verið auglýstur í Lögmannablaðinu, Dagblaðinu Vísi og Morgunblaðinu daginn fyrir fundinn. Hins vegar hafi orðið dráttur á póstsendingu ársskýrslu sökum þess að tafir hafi orðið á að félaginu bærust bókhaldsupplýsingar.

Formaður og varaformaður svöruðu einnig framkomnum athugasemdum fundarmanna. Benti formaðurinn á að réttindi félags-

manna væru ekki tengd skulda-
stöðu þeirra. Þannig héldust rétt-
indin þó svo félagsgjöld væru ekki
greidd. Sagði hann stjórn félagsins
veitra sér við því að losa félagið
við skuldseiga félagsmenn með
þeim hætti, að svipta þá réttindum
sínunum með gjaldþrotáurskurði.

Örsök vanskilanna væri oftast
óregla viðkomandi skuldara, harm-
ur og óhamingja. Sömuleiðis væri
óráðlegt að leggja í dýrar inn-
heimtuaðgerðir sem fyrirfram væri
vitað að bæru engan árangur. Ef til
vill væri nafnabirting vænlegust til
árangurs, en ákvörðun um fram-
kvæmd slíks væri einnig erfið þeim
sem sæti í stjórn félagsins á hverj-
um tíma og myndi hann sjálfur
ekki treysta sér til þess. Varðandi
þóknun lögmanna, kvað formað-
urinn að oft hafi verið reynt að
gera könnun á rekstrarkostnaði
lögmansstofu, og væri það verk-
efni næstu stjórnar að vinna kostnað-
argrunn. Því fylgdi þó sá vandi,
að kostnaður pr. klst. væri í raun
svo mikill að lögmenn ættu sjálfir
erfitt með að trúa því, hvað þá að
hægt væri að koma venjulegum
launamönnum eins og dómurum í
skilning um það. Gunnar Jónsson
hrl. taldi að innheimta félagsgjalda
gengi ekki eins illa og almennt sé
talið. Kvaðst hann sammála for-
manni um að þýðingarlaust væri
að ganga að þeim sem fyrirfram sé
vitað að muni ekki greiða. Hugsan-
lega megi við endurskoðun lög-
mannalaga kveða á um að fella
megi þá lögmenn af félagaskrá
sem ekki greiði félagsgjöld sín.
Jónas Haraldsson, hdl. ítrekaði enn
þá skoðun sína að félaginu beri að
sækja á um innheimtu vangoldinna
félagsgjalda, og taldi óhamingju
hinna skuldseigu félagsmanna ekki
eiga að leysa þá undan greiðslu-
skyldu, frekar en hann sjálfan.

Kosningar

Ásgeir Thoroddsen hrl. gaf kost á
sér til endurkjörs til embættis for-
manns félagsins og þar sem ekki
var um fleiri framboð að ræða, lýsti
fundarstjóri Ásgeir réttkjörinn for-
mann. Auk Ásgeirs voru kjörnir í

aðalstjórn til næstu tveggja ára,
þau Helgi Jóhannesson, hrl. og
Lára V. Júlíusdóttir, hrl. Auk þeirra
sitja áfram í stjórn félagsins þeir
Helgi Birgisson, hrl. og Ársæll Haf-
steinsson, hdl. Í þriggja manna
varastjórn voru kjörin þau Aðal-
steinn Jónasson hrl., Jóhannes Karl
Sveinsson hrl. og Steinunn Guð-
bjartsdóttir hdl. Gústaf Þór
Tryggvason hrl. og Othar Örn Pet-
ersen hrl. voru kjörnir endurskoð-
endur, en Jón Sigfús Sigurjónsson
hdl., til vara. Í Laganefnd voru
kjörin þau Jakob R. Möller, hrl., Er-
lendur Gíslason, hrl., Ólafur Har-
aldsson, hdl., Ragnar H. Hall, hrl.
og Sif Konráðsdóttir hrl.,

Aðalfundur félagsdeildar Lögmannafélags Íslands

Í framhaldi af aðalfundi Lögmanna-
félagsins var haldinn aðalfundur
félagsdeildar LMFÍ, samkvæmt
auglýstri dagskrá. Fundarstjóri var
Pétur Guðmundarson hrl. og Björg
Rúnarsdóttir, hdl., fundarritari Á
dagskrá fundarins voru venjuleg
aðalfundarstörf samkvæmt sam-
þykktum félagsins. Vísað var til
þess að reikningar hafi þegar verið
kynntir samhliða afgreiðslu sömu
dagskrárlíða skyldubundna hluta
félagsins á aðalfundi félagsins.
Enginn kvaddi sér hljóðs undir
þessum dagskrárliðum og var
reikningar félagsins samþykktir
samhljóða.

Til leigu

Til leigu hjá Lögfræðipjónustunni ehf. 2-3 góð samliggjandi
skrifstofuherbergi. Vandað húsnæði með góðum húsgögnum.
Samtengdar tölvur geta fylgt. Sameiginleg afnot af kaffistofu,
góðu fundarherbergi og móttöku með símapjónustu. Upplýs-
ingar hjá Lögfræðipjónustunni ehf. í síma 520 5588.

Ingólfur Hjartarson hrl.

Til leigu

Skrifstofuaðstaða í miðborginni. Björt skrifstofa á lögmansstofu
á 4. hæð í lyftuhúsi við Lækjartorg, er laus til leigu. Innan við
mínútu göngufæri frá Héraðsdómi Reykjavíkur Til staðar eru:
Húsgögn, sími, laserfaxtæki, laserprentari, ljósritunarvél og
sítenging við internet Frekari upplýsingar veitir:

Einar Sigurjónsson hdl.

E. Sigurjónsson lögmansstofu ehf.

í síma 552 5590

Til leigu

Skrifstofuherbergi. Hentugt húsnæði undir lögfræðistofur í Aðal-
stræti ca. 140 fm. Upplýsingar gefur Jón Einar Jakobsson, hdl. í
síma 561 5969.

Árshátíð 207 manns!!!!

Árshátíð LMFÍ var haldin 17. mars s.l. á Grand Hótel í salarkynnum Gullteigs. Árshátíðin sló heldur betur í gegn þetta árið enda var 10 manna skemmtinefnd að störfum í marga mánuði og vann ótullega að því að kynna skemmtunina og fá sem flesta lögmennt á svæðið. Skemmtinefndin ákvað að breyta umgjörð árshátíðarinnar og flytja sig um set og var markmiðið að ekki mættu færri en 150 manns. Samið var við Grand Hótel og var hljómsveitin Geirfuglarnir fengin til þess að leika fyrir dansi. Markmið nefndinnar stóðst og gott betur því alls mættu 206 lögmennt og makar á árshátíðina og hefur slíkt ekki gerst um áraradír. Fimm heimateiti voru haldin víða um borg og bæ og mættu til dæmis tæplega 60 manns í teiti hjá einum lögmanninum en heimateitin hafa alltaf verið mjög vinsæl og mikil stemmning skapast í kringum þau. Boðið var upp á valkost í vali á aðalrétti og hafði öndin betur en nautið þó ekki væri mikill munur. Aðkeyptir skemmtikraftar þeir Örn Árnason og Karl Ágúst Úlfsson áttu salinn og hafa ekki heyrst þvílík fagnaðarlæti lengi vel. Mikil eftirvænting var meðal veislugesta því ekki hafði verið gefið upp um skemmtiatriði frá lögmannsstofu. Fljótlega fór að bera á því að lögmennt höfðu skipt um föt og fatastíl en þar var á ferðinni Veðbandið skipuð lögmonnum og lögfræðingum. Hljómsveitina skipa þeir: Jóhannes Karl Sveinsson, gítar, Ársæll Hafsteinsson, trymbill, Gunnar Sturluson, gítar, Lárentínus Kristjánsson, hljómborð og fl., Árni Þór Þorbjörnsson, bassi og svo söngvarar sveitarinnar þeir; Jóhann Hauksson og Helgi Jóhannesson. Hljómsveitin sló í gegn og ætlaði látum aldrei að linna. Sérstakir gestasöngvarar tóku lagið með bandinu núverandi formaður LMFÍ Ásgeir Thoroddsen og fyrrverandi formaður LMFÍ Jakob R. Möller. Fóru þeir á kostum og sýndu á sér nýja hlið. Eftir uppistand formannanna tók Veðbandið völdin að nýju og fór því svo að veita þurfi bandinu veðbandslausn. Salurinn fylltist af einkennisklæddum lögglumönnum sem smöluðu hljóðfæraleikurum saman og var þeim raðað upp á miðju gólfi á hnéskeljunum einum saman. Reyndar var Lögglukórinn skemmtiatriði Thorlacius stofunnar; þeirra Svölu og Gylfa, Sifjar og Kristjáns. Kórinn var frábær og voru þeir klappaðir upp hvað eftir annað. Að lokum flugu Geirfuglarnir á svæðið og linntu ekki látum fyrr en hópurinn hafði dansað gríska og írská dansa, kúrekadansa og ekki má gleyma limbókeppni lögmanna. Fer ekki sögum af þeirri keppni hér.

Eftir velheppnaða árshátíð héldu svo menn heim og létu sumir þess getið að bóka zetti Grand Hótel strax næsta ár svona til öryggis.

Jóna Kristinsdóttir



Heiðursgestur kvöldins var Guðrún Erlendsdóttir, bæstaréttardómari. Hér er Guðrún ásamt eiginmanni sínum Erni Clausen brl. og formanni LMFÍ Ásgeiri Thoroddsen brl. og konu hans Sigríði Svanbergsdóttur.



Ragnar H. Hall, brl. var veislustjóri kvöldsins. Til vinstri við Ragnar er eiginkona hans, Guðríður Gísladóttir og til hægri bandar er framkvæmdastjóri LMFÍ Ingimar Ingason.



Fulltrúar Lex ehf. Þórum Guðmundsdóttir, brl. og Helgi V. Jónsson brl. ásamt konu sinni Ingibjörgu Jóhannsdóttur.



Veðbandið í góðum gir. Helgi Jóhannesson brl og Jóhann Hauksson, lögræðingur taka gamla slagara.



Gítarsólo aldarinnar. Gunnar Sturluson, brl. og Árni Þór Þorbjörnsson, bdl.



Geirfuglarnir í góðum fíling.



Hörkustuð á gólfinu. Óðinn Eiríksson og Ólafur Haraldsson taka snúning.



Á góðri stundu.



Formenn syngja. Ásgeir Thoroddsen brl. og Jakob R. Möller brl. tóku Elvis smelli og mjaðmabnykki í formannastíl.

Hádegisverðarfundur um skattamál sló í gegn!

Þann 29. mars síðastliðinn stóðu Lagadeild HÍ, félagsdeild Lögmannafélags Íslands og Félag lögfræðinga í fjármálafyrirtækjum fyrir fyrirlestri Karsten Engsig Sörensen, prófessors við Viðskiptaháskólann í Árósum, um skattalegar hindranir á frjálsum flæði vöru fólks, fyrirtækja og fjármagns innan EES. Eins og lögmönnum er kunnugt var umfjöllun um Karsten Engsig Sörensen í 1. tbl. Lögmannablaðsins 2001 þar sem jafnframt kom fram að umræddir aðilar myndu halda tvo fundi þar sem Karsten yrði fyrirlesari.



Ásgeir Thoroddsen btl. form. LMFÍ, setti fundinn.

Í upphafi fundar kynnti formaður LMFÍ, Ásgeir Thoroddsen, fyrirlesarann. Um 80 manns sóttu fundinn og er þetta fjölmennasti fræðafundur sem undirrituð hefur sótt í langan tíma.

Í erindi sínu fjallaði prófessor Sörensen um hvernig lög Evrópubandalagsins hafa haft áhrif á innanlandsskattalöggjöf bandalagsríkjanna. Áhrifanna verður einna helst vart að því er varðar ákvæði um frjálst flæði vöru, fólks, fjármagns



Vala Valtýsdóttir bdl.

og þjónustu. Prófessorinn sagði að það væru fá ákvæði í ESB samningnum sem fjölluðu um skatta og taldi að sama ætti við um EES samninginn. Ennfremur kom fram í máli hans að lög Evrópubandalagsins hefðu einungis áhrif á beina skatta í innanlandslöggjöf hvers lands. Þó að Evrópudómstóllinn hafi kveðið upp dóma í nærri 30 málum sem fjalla um beina skatta þá hafa flest málanna snúist um grundvallarréttindi samningsins.

Erindi prófessors Sörensen var vel uppbyggt, áheyrt og verulega skemmtilegt.

Prófessorinn fjallaði einnig um uppbyggingu skattkerfa, þ.e.a.s. hvernig best væri að haga innanlandsskattlagningu þannig að sem minnst hætta væri á hindrunum á frjálsum flæði vöru, fólks, fyrirtækja og fjármagns. Hann taldi að þar sem meiri líkur væru á því að fólk en fyrirtæki væru um kyrrt í sama landi þá væri skynsamlegra að skattleggja frekar fólk en fyrirtæki til að hindra ekki frjálstan flutning fyrirtækja.

Erindi prófessors Sörensen var vel uppbyggt, áheyrt og verulega skemmtilegt. Ein af meginá-

stæðum þess að undirrituð var svo ánægð með erindið var að prófessor Sörensen reifaði marga áhuga-verða dóma Evrópudómstólsins er varða takmarkaða skattskyldu einstaklinga, skattlagningu útibúa, skattlagningu lífeyrisgreiðslna o.fl., s.s. Schumacher dóminn, Bachmann dóminn, Leur-Bloem dóminn og Saint-Gobain dóminn.

Í síðasta hluta erindis síns kom prófessorinn inn á umræðuna um skattasamræmingu og skattasamkeppni innan Evrópubandalagsins og taldi prófessor Sörensen að aðildarríki ESB ættu að forðast skattasamkeppni að mestu leyti þó að



Karsten fór á kostum í skemmtilegu erindi.

ljóst væri að aldrei væri hægt að útrýma henni. Í tengslum við umfjöllun sína um skattasamkeppni fjallaði prófessor Sörensen um ríkisstyrki og hvað fælist í þeim, meðal annars með tilliti til þess hverjir væru styrkþegar og einnig þeirrar reglu að meintir styrkþegar gætu þurft að endurgreiða móttekna fjárhæð ef að ljós kemur að viðkomandi fyrirtæki hafi verið umbunað þannig að telja megja að um styrkveitingu hafi verið að ræða.

Niðurstaða prófessors Sörensen var að ákvæði í innanlandsskattalögum gætu verið hindranir á því frjálsa flæði vöru, fólks, fjármagns og þjónustu sem Rómarsáttmálinn og afleiddar gerðir hans og Samningurinn um Evrópska efnahags-svæðið eiga að stuðla að. Átti hann von á að fleiri mál verði borin undir Evrópuþingstólinn á komandi árum.

Fundarmenn voru mjög frjóir og fyrirspurnirnar því af ýmsum toga,

Eftir hið ágætasta erindi í alla staði gaf fyrirlesarinn fundarmönnum færi á því að koma að fyrirspurnum. Það olli ekki mikilli undrun að fundarmenn sátu á sér í byrjun enda er slíkt lenska hér auk þess sem ávallt er erfiðara að koma með fyrirspurnir á fundi þar sem talað er annað mál en móðurmálið. Prófessor Sörensen var ekkert að tvínóna við hlutina og bætti nokkrum fróðleiksmolum við erindi sitt og þá stóð ekki á mönnum. Það var eins og hafði verið skrúfað frá krana því eftir að fyrsti fundarmaðurinn hafði riðið á vaðið með sína fyrirspurn komu fimm fyrirspurnir í kjölfarið. Fyrirspurnirnar voru af ýmsum toga þó að megináhersla þeirra hafi verið á fyrirtækjaskatt. Þó var ein fyrirspurn sem kom inn á frjálsan flutning fólks innan EES svæðisins en það var Ólafur Kristinsson sem bar fram þá fróðlegu fyrirspurn hvort ákvæði tekjuskattslaga um söluhagnað íbúðarhúsnæðis væri brot á EES samningnum. Prófessorinn taldi að hér gæti verið um brot á samningnum að ræða og þakkaði góða fyrirspurn. Fundarmenn voru mjög frjóir og fyrirspurnirnar því af ýmsum toga, s.s. um alþjóðleg viðskiptafélög og skattalega stöðu útibúa í ljósi Saint-Gobain dómsins.

Í lok fundarins þakkaði prófessorinn fyrir sig og lýsti yfir ánægju með fundinn og þökkudu fundar-

menn honum fyrir hið fróðlegasta erindi og klöppuðu honum lof í lófa. Það var alveg ljóst að fundarmenn voru mjög ánægðir með fyrirlesturinn og vonandi verður þess

ekki langt að bíða að fundarhaldarar standi fyrir fyrirlesturum í þá veru sem þarna var. Ég vil að lokum þakka kærlega fyrir þetta lofsverða framtak



Hjördís Harðardóttir, formaður Félags lögfræðinga í fjármálafrirtækjum, Ásgeir Thoroddsen, formaður LMFÍ, Kærsten Engsig Sörensen og Áslaug Björgvinsdóttir, lektor.



Stofnun erlendra félaga fyrir innlenda starfsemi

Erindi Karsten Engsig Sørensen prófessor um þýðingu Evrópuréttar fyrir félagarétt og þróun réttarsamræmingar

Karsten Engsig Sørensen, LL.m. Ph.D., prófessor við Viðskiptaháskólann í Árósum, kom til Íslands í lok mars sl. á vegum lagadeildar HÍ, Lögmannafélagsins, Lögfræðingafélagsins og Félags lögfræðinga í fjármálafyrirtækjum. Auk þess að kenna í námskeiðunum Félagaréttur II og Verðbréfamarkaðsréttur við lagadeild efndu lagadeild og félögin til fundar þar sem Karsten hélt erindi. Báðir fundirnir voru vel sóttir og greinilegt að umfjöllunarefni þeirra vöktu áhuga manna. Þetta samstarf lagadeildar og lögfræðingafélaganna var lagadeild mikilvægt og ber að þakka það. Einnig er það ánægjulegt hve mikinn áhuga fyrrgreind félög sýna fræðastarfi og félagsmennirnir sömuleiðis.

Á fundinum sem lagadeild HÍ, Lögmannafélagið og Lögfræðingafélagið efndu til þann 28. mars sl. hélt Karsten erindi um áhrif Evrópuréttarins á félagaréttarlöggjöf aðildarríkjanna og áhrif dóms Evrópudómstólsins frá 9. mars 1999 í máli nr. C-212/97, Centros Ltd. gegn dönsku fyrirtækja- og félagaskránni. Dómurinn hefur vakið gríðarlega athygli í nágrennalöndum okkar og hefur þýðingu hans fyrir félagarétt verið líkt við áhrifin sem Cassis de Dijon-málið hafði fyrir þróun reglunnar um frjáls vöruviðskipti. Karsten, sem hefur sinnt rannsóknum og kennslu á sviði Evrópu- og félagaréttar, hefur kannað sérstaklega áhrif Centros-málsins og m.a. skrifað um það í greininni *Centros Ltd-afgørelsen og dens konsekvenser* sem er birt í Nordisk tidsskrift for selskabsret, 2.



Áslaug Björgvinsdóttir lektor

hefti 1999, bls. 92-109. Verður nú gerð grein fyrir Centros-málinu og því helsta sem fram kom í erindi Karstens.

1. Réttarsamræming á sviði félagaréttar er markmið ESB

Í erindi sínu byrjaði Karsten á að fjalla um tilgang og bakgrunn réttarsamræmingar reglna á sviði félagaréttar sem er eitt af yfirlýstum verkefnum og markmiðum Evrópusambandsins. Í því skyni hafa verið settar tilskipanir til að samræma reglur um féлагаform sem þegar eru til staðar í aðildarríkjum og þá einkum reglur um hlutfélög. Það má nefna að við endurskoðun hlutafélagalaga og setningu einkahlutafélagalaganna árið 1994 voru félagaréttartilskipanirnar innleiddar í íslenskan rétt í samræmi við skyldur Íslands samkvæmt EES-samningnum. Til að greiða fyrir samstarfi og flutningi fyrirtækja milli aðildarríkja eru reglugerðir einnig notaðar til að skapa ný yfirþjóðleg evrópuréttarleg féлагаform fyrir samstarf fyrirtækja fleiri en eins aðildarríkis, sbr. t.d. reglugerð um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög sem lögleidd var hér á landi með lögum nr. 159/1994 en það er eina reglugerð-

in um ný féлагаform sem hefur enn verið samþykkt.

2. Hindranir á flutningi starfsemi og samruna yfir landarmæri – ólíkar laga-skilareglur

Enda þótt réttarsamræming á sviði félagaréttar sé umtalsverð benti Karsten á að félagaréttarlöggjöf aðildarríkjanna væri enn í veigamiklum atriðum ólík og ennþá væru ýmsar hindranir í vegi atvinnurekendenda sem hefðu hug á að flytja starfsemi sína til annars aðildarríkis innan Evrópusambandsins eða sameinast fyrirtækjum í öðrum aðildarríkjum. Vegna þess að ólíkar reglur gilda um félög í aðildarríkjum þá er nauðsynlegt að ákveða þjóðerni félaga til að vita hvaða landsreglur taka til þeirra.

Í aðildarríkjum Evrópusambandsins eru í höfuðatriðum í gildi tvær meginkenningar um ákvörðun þjóðernis félaga og þar með hvaða landsreglur gilda um starfsemi þeirra. Hér er annars vegar um að ræða skráningar- og stofnunarkenninguna (the incorporation theory) og hins vegar höfuðstöðvakenninguna (the real seat theory). Karsten gerði grein fyrir þessum kenningum og þá einkum afleiðingum þess þegar einstök ríki byggja á höfuðstöðvakenningunni.

Samkvæmt skráningarkenningunni gilda um félag reglur þess lands sem það er stofnað og skráð í, en samkvæmt höfuðstöðvakenningunni gilda reglur þess lands sem félagið hefur höfuðstöðvar sínar. Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Portúgal beita höfuðstöðvar-

kenningunni og afleiðing þess hefur m.a. verið sú að ekki er lítið á ensk einkahlutafélög sem reka meginstarfsemi sína í Þýskalandi sem löglega stofnuð félög. Þau teljast ekki lögaðilar samkvæmt þýskum rétti. Þá gerði Karsten að umtalfsni þá viðleitni einstakra aðildarríkja Evrópusambandsins, eins og t.d. Hollands, að takmarka svigrúm svokallaðra sýndarféлага (pro forma eða pseudo-foreign companies) til að hefja atvinnustarfsemi án þess að hafa uppfyllt lágmarksreglur hollenskra laga t.d. um stofnfé og greiðslu þess. Í Hollandi tóku gildi þann 1. janúar 1998 lög (Pro Forma Foreign Companies Act) sem miða að því að vernda kröfuhafa og viðskiptamenn erlendra féлага sem hafa meginstarfsemi sína í Hollandi og annars engin tengsl við landið þar sem þau voru stofnuð í.

Til samanburðar vék Karsten að reglum félagaréttar í Bandaríkjunum þar sem einstök aðildarríki setja sér sína eigin félagaréttarlöggjöf. Þar er enn fremur byggt á skráningarkenningunni við ákvörðun félagsforms og því gildir félagaréttarlöggjöf þess ríkis sem félagið er stofnað og skráð í. Í Bandaríkjunum hefur þróunin orðið sú að ríkið Delaware hefur leitast við að setja reglur sem laða að fyrirtæki og eins og Karsten gerði nánari grein fyrir eru menn ekki á einu máli hvort það hafi leitt til samkeppni um lökustu eða bestu reglurnar (race for the bottom or to the top).

3. Stofnsetningarrétturinn og Centros-málið

Kveikjan að erindi Karstens er fyrrgreindur dómur Evrópudómstólsins þann 9. mars 1999 í máli nr. C-212/97, svonefndu Centros máli. Í því reyndi á inntak reglunnar um stofnsetningarrétt sem tryggir mönnum og lögaðilum rétt til að hefja og stunda atvinnustarfsemi í aðildarríkjum Evrópusambandsins eða evrópska efnahagssvæðisins eftir sömu reglum og gilda í viðkomandi ríki með stofnun dóttur-



félags, útibús eða umboðsskrifstofu, sbr. 43. gr., sbr. 48. gr. (áður 52. gr. og 58. gr. Rómarsáttmálans (Rs)). Stofnsetningarrétturinn gildir einnig hér á landi, samkvæmt 31. gr., sbr. 34. gr. EES-samnings sem lögfestur var með lögum nr. 2/1993.

Til að komast fram hjá reglum dönsku einkahlutafélagagalanna um lágmarksstofnfé að fjárhæð 200.000 danskar krónur höfðu dönsk hjón stofnað enskt einkahlutafélag, Centros Ltd., í því skyni að reka atvinnustarfsemi í Danmörku. (Sökum þess að 2. félagaréttartilskipunin tekur aðeins til hlutaféлага er það á valdi einstakra aðildarríkja Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins hvort þau setja sérstakar reglur um stofnfé einkahlutaféлага og vernd þess.) Danska fyrirtækja- og félagaskráin taldi að um ólögmæta sniðgöngu danskra reglna væri að ræða og synjaði því skráningu útibúsins. Þessi ákvörðun braut gegn stofnsetningarréttinum samkvæmt dómi Evrópudómstólsins.

Dómurinn benti á að þær aðstæður að félag, stofnað í einu aðildarríki eftir þess löggjöf með skráð heimili þar, sem vill stofna útibú í öðru aðildarríki félli undir evrópurétt (forsenda 17). Því var hafnað að sú staðreynd að félagið ræki ekki starfsemi í Englandi fæli í sér misbeitingu á stofnsetningarréttinum (forsenda 29). Samkvæmt

dóminum felst það í stofnsetningarréttinum að ríkisborgari eins aðildarríkis getur valið að stofna félag í öðru aðildarríki þar sem hann telur að reglurnar séu minnst íþyngjandi og síðan að stofna útibú í öðru aðildarríki (forsenda 27). Þá taldi Evrópudómstóllinn enn fremur að synjun skráningar með vísun til nauðsynjar þess að vernda hagsmuni kröfuhafa væri ekki réttlætunleg samkvæmt 46. gr. Rs (áður 56. gr.), sjá einnig 33. gr. EES (forsendur 32-34).

4. Afleiðingar Centros

Eftir að hafa gert grein fyrir atvikum Centros-málsins og niðurstöðu Evrópudómstólsins gerði Karsten afleiðingar dómsins að umtalfsni. Hann taldi ljóst að miðað við forsendur dómsins væri svigrúm einstakra aðildarríkja til að koma í veg fyrir að reglur þeirra séu sniðgengnar mjög lítið og vafasamt að unnt sé með löggjöf í einstökum aðildarríkjum að gera ríkari kröfur til útibúa erlendra féлага frá aðildarríkjum ESB og EES, þ.á m. svokallaðra sýndarféлага (pseudo-foreign companies). Allar líkur væru t.d. á því hollensku lögin frá 1998 brytu gegn stofnsetningarréttinum og einnig umdeild dönsk skattalöggjöf sem sett var í kjölfar Centros. Í þeim er gerð skattaréttarleg fjármagnskrafa til erlendra fyrirtækja sem hyggjast reka virðisaukaskattskylda starfsemi í Dan-

mörku og verður fyrirtækið að leggja fram tryggingu að lágmarki 125.000 danskar krónur (sama fjárhæð og nú er krafist um stofnfé einkahlutafélaga) nema sýnt sé fram á að fyrirtækið hafi yfir að ráða svo miklu fjármagni við skráningu.

4.1. Skapast Delaware ábrif í Evrópu?

Þá ræddi Karsten um mögulegar afleiðingar Centros-málsins fyrir þróun félagaréttarlöggjafar í aðildarríkjum ESB og EES, þ.á m. hvort „Delaware Syndrome“ væri að vænta í Evrópu og stofnendur fyrirtækja myndu nýta sér þá möguleika sem dómurinn býði upp á, þ.e. að stofna félög í þeim ríkjum

sem gera engar eða litlar kröfur til fjármagns félaga. Það væri einnig ljóst að menn gætu haft áhuga á því að komast hjá ýmsum öðrum reglum félagaréttarlöggjafar einstakra aðildarríkja, t.d. um þátttöku starfsmanna í stjórnnum félaga, takmarkanir á hluthafalánunum og á hluthafasamkomulögum o.fl. Hitt yrðu menn þó að hafa í huga að það gæti verið vandkvæðum bundið að reka félag samkvæmt erlendum félaga- og ársreikningalögum. Þarna yrði að veða og meta kosti og galla löggjafar einstakra ríkja um rekstur félaga.

Karsten taldi að fróðlegt yrði að fylgjast með viðbrögðum einstakra aðildarríkja í kjölfar dómsins og þá hvort þau myndu hugsanlega leit-

ast við að setja síður íþyngjandi reglur um félög sem væru til þess fallnar að gera viðkomandi ríki eftirsóknarvert til stofnunar félaga. Hann taldi þó að sú réttarsamræming sem þegar hefði átt sér stað takmarkaði svigrúm aðildarríkja að þessu leyti og ljóst væri að evrópsk Delaware áhrif gætu aldrei orðið eins rík og í Bandaríkjunum. Í þessu sambandi velti hann því fyrir sér hvaða ríki í Evrópu myndi bjóða best og taldi hann að Bretland eða Írland yrðu þar fremst í flokki. Bæði löndin byggðu á skráningarkenningunni, og ólíkt t.d. Norðurlöndunum og Þýskalandi væru þar ekki gerðar sérstakar kröfur um lágmarksstofnfé eða greiðslu þess í einkahlutafélögum, auk þess sem þeirra félagaréttarlöggjöf væri um margt sveigjanlegri en löggjöf annarra Evrópuríkja.

4.2. Leiðir Centros til frekari réttarsamræmingar

Undir lok fundarins ræddi Karsten þýðingu Centros-málsins fyrir þróun réttarsamræmingar á sviði félagaréttar. Hann sagði ljóst að enn væri þörf á samræmingu til að efla möguleika fyrirtækja á virku samstarf og samruna yfir landamæri. Hann kvaðst reyndar telja að frekari réttarsamræming gæti orðið ein afleiðing Centros-málsins. Í dómnum væri meira að segja að finna hvatningu til réttarsamræmingar, sbr. forsendu 28. Hann vék að þeim drögum sem nú liggja fyrir að nýjum félagaréttartilskipunum, þ. á m. 10. tilskipuninni um samruna félaga yfir landamæri og 14. tilskipuninni um breytingu á þjóðerni félaga. Þessar tilskipanir taldi hann mjög mikilvægt að næðist samstaða um. Að lokum vék Karsten stuttlega að myndun evrópskra yfirþjóðlegra félagafarma og þá einkum drögum að reglugerð um evrópsk einkahlutafélög (European Company) sem voru kynnt nýlega. Með evrópsku einkahlutafélagafarmi á að mæta þörfum smærri og miðlungsstórra fyrirtækja sem evrópska hlutafélagafarmið gerir síður.

Þóknun verjenda og réttargæslumanna

Lögmannafélagi Íslands barst nýlega bréf frá Ingimundi Einarssyni, varalögreglustjóra þar sem fram kemur að Lögreglustjórinn í Reykjavík muni framvegis hafa reglur Dómsstólaráðs um þóknun til handa verjendum og réttargæslumönnum til viðmiðunar. Bréf þetta er birt hér í heild sinni með leyfi varalögreglustjóra

10. apríl 2001
Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9
108 Reykjavík

Samkvæmt 44.gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skal lögreglustjóri eða löglærður fulltrúi hans ákveða þóknun tilnefnds verjanda. Dómsstólaráð hefur gefið út viðmiðunarreglur fyrir héraðsdómsstólana um ákvörðun þóknana til handa verjendum og réttargæslumönnum dags. 21. janúar 2000.

Hér með tilkynnist Lögmannafélagi Íslands að Lögreglustjórinn í Reykjavík mun framvegis hafa fyrrnefndar reglur Dómsstólaráðs til viðmiðunar við ákvörðun þóknunar til handa verjendum og réttargæslumönnum.

Samkvæmt því er lágmarksþóknun kr. 20.000 vegna verjendastarfa og réttargæslustarfa. Sé vinna lögfræðings umfram 3 klst. þá greiðast kr. 6.500 fyrir hverja byrjaða klukkustund fram yfir það. Ekki er greitt sérstaklega fyrir akstur nema um lengri vegalengdir sé að ræða.

Til að einfalda og flýta fyrir ákvörðunum um þóknunir þá er æskilegt að lögmenn sendi inn reikninga vegna verjendastarfa og réttargæslustarfa þar sem fram komi tímaföldi auk fyrrgreinds tímagjalds. Staðfesting reiknings jafngildir því ákvörðun um þóknun.

Efni þessa bréfs óskast kynnt lögmönnum.

*Ingimundur Einarsson
varalögreglustjóri*

Handalögmál og ábyrgðartakmarkanir í skilmálum váttrygginga

I.

Þann 1. mars 2001 kvað Hæstiréttur Íslands upp dóm í málinu nr. 397/2000. Í málinu krafðist maður nokkur greiðslu slysáttryggingarbóta úr hendi váttryggingafélags vegna líkamlegra afleiðinga þess, að hann hafði fengið hnefahögg í andlitið. Sá sem veitt hafði honum höggið hafði verið með glas í hönd, og við höggið hafði það brotnað með þeim afleiðingum að maðurinn skaddaðist á auga.

Það sem greinarhöfundur þykir markverðast við dóm Hæstaréttar er skýring hans á undanþáguákvæði í skilmálum slysáttryggingarinnar, sem undanþiggur váttryggingafélagið ábyrgð vegna slysa, sem verða í handalögmálum.

II.

Málavextir voru nánar á þá leið, að stefndi fyrir Hæstarétti (stefnandi fyrir Héraðsdómi, hér eftir X) var staddur á bar þegar A sló hann í andlitið með glasi. Við höggið skaddaðist X á auga, og voru afleiðingarnar metnar honum til nokkurs varanlegs miska. Er atvik málsins gerðust var X slysáttryggður hjá váttryggingafélaginu V. Höfðaði X mál á hendur váttryggingafélaginu F, sem tekið hafði við réttindum og skyldum V, og krafðist greiðslu bóta úr tryggingunni. F hafnaði kröfu X um greiðslu bóta, og krafðist sýknu af kröfum hans með vísan til ákvæðis í skilmálum tryggingarinnar, þar sem sagði: „*Félagið bætir ekki: [. . .] Slys, er sá, sem tryggður er, verður fyrir í handalögmáli, við þátttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyfj- og eiturblyffa eða í öläedi, nema sannað sé, að ekkert samband hafi verið milli ástands*



Viðar Lúðvíksson bdl.

þessa og slyssins“. Byggði F á því, að tjón X yrði fyrst og fremst rakið til þess að hann hefði verið ölvaður og hefði staðið fyrir handalögmálum við A, sem leitt hefðu til áverkans. X byggði hins vegar á því, að A hefði veist að honum og áreið hann með því að vísa til slæmrar umfjöllunar um X í blaðagrein. X kvaðst hafa þá ýtt í öxl A með flötum lófanum og beðið hann að hætta þessu, en engum togum hafi skipt að A hafi slegið X í andlitið með glasinu. Þá byggði X á því, að hvað sem öðru liði gætu rök F einungis leitt til lækkunar bóta, sbr. 18. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954. Vísaði X einnig til 20. gr. sömu laga máli sínu til stuðnings, og þess að ákvæði þeirrar greinar settu heimild félagsins til að semja sig undan bótaábyrgð þröngar skorður.

Héraðsdómari taldi fram komið í málinu, að X hefði verið undir áhrifum áfengis þegar umræddur atburður átti sér stað. Hins vegar taldi héraðsdómariinn að ekkert lægi fyrir um áfengisástand hans og teldist því með öllu ósannað að ölvunarástand hans hafi verið á svo háu stigi að flokkaðist undir öläedi í merkingu 20. gr. laga um váttryggingarsamninga. Þá taldi héraðsdómariinn sannað að X hefði átt upptökin að þeim ryskingum sem áttu sér stað milli hans og A með því að slá A í andlitið. Hins

vegar taldi héraðsdómariinn að sú háttsemi X að veita A högg í andlitið hefði ekki gefið tilefni til þeirrar fólkskulegu árássar er X hefði orðið fyrir og hlotið mikla áverka af. Taldi héraðsdómariinn í framhaldi af því, að með hliðsjón af 20. gr. laga um váttryggingarsamninga yrði ekki talið að framangreint ákvæði í skilmálum tryggingarinnar takmarkaði ábyrgð F eins og á staði. Var F því dæmt til greiðslu slysáttryggingarbóta í samræmi við kröfu X.

Hæstiréttur taldi að þrátt fyrir að ljóst væri af gögnum málsins, að X hefði verið undir áhrifum áfengis umrætt kvöld væri ósannað að hann hefði verið í öläedi er umræddur atburður átti sér stað. Taldi Hæstiréttur í ljós leitt, að A hefði ögrað X með orðum og X svarað með því að greiða A hnefahögg í höfuðið. Því hafi A svarað með því að slá X í andlitið með glas í hönd. Lagði Hæstiréttur í framhaldi af því til grundvallar, að til handalögmála hafi komið á milli þeirra, og að X hafi orðið fyrir slysi sínu í þeim handalögmálum. Að því er varðar framangreint undanþáguákvæði skilmála tryggingarinnar taldi Hæstiréttur, að í því fælist hlutræn ábyrgðartakmörkun, og að undanþágan væri óháð því hvort um væri að ræða vangá hins tryggða ef slys yrði í handalögmálum. Taldi Hæstiréttur undanþáguákvæðið eiga við í málinu, og sýknaði F af kröfum X.

III.

Það sem greinarhöfundur þykir markverðast við dóminn er skýring Hæstaréttar á undanþáguákvæði váttryggingarskilmálanna, sem þiggur félagið m.a. undan ábyrgð vegna slysa, sem verða „í handa-

lög máli“. Þetta álitaeftni varðar mörkin *annars vegar* á milli frelsis váttryggingafélaga til að takmarka ábyrgð sína með ákvæðum skilmála (svokallaðra *hlutlægra* eða *hlutrænna ábyrgðartakmarkana*) og *hins vegar* þeirra skilmálaákvæða, sem skýra ber með hliðsjón af þeim reglum laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga (vsl.), sem kalla má einu nafni ófrávíkjanlegar.

Það eru einkum fjórir flokkar reglna í vsl., sem skipta máli að þessu leyti og kallast einu nafni ófrávíkjanlegar. Í *fyrsta lagi* eru það reglur 4. – 10. gr. laganna um upplýsingagjöf við töku tryggingar, í *öðru lagi* reglur 18. – 20. gr. laganna um þau tilvik þegar váttryggingaratburðinum er valdið af ásetningi eða gáleysi, í *þriðja lagi* reglur 45. – 50., 99. og 121. gr. laganna um aukna áhættu, og í *fjórða lagi* reglur 51. og 124. gr. laganna um varúðarreglur. Langt mál þarf til að skýra til hlítar hvar mörkin liggja á milli sammingsfrelsis váttryggingafélagsins annars vegar og þeirrar verndar, sem ófrávíkjanlegar reglur vsl. veita váttryggðum hins vegar, enda telja margir fræðimenn að hér sé á ferðinni eitt erfiðasta úrlausnareftni váttryggingaréttar.

Taka má undir þá skoðun margra fræðimanna, að ófrávíkjanlegar reglur vsl. veiti váttryggðum (og váttryggingartaka) vernd að því leyti, að þegar skilmálaákvæði varða með einum eða öðrum hætti hegðun hans og/eða huglæga afstöðu, þá losni váttryggingafélagið ekki úr ábyrgð nema að uppfylltum skilyrðum hinna ófrávíkjanlegu reglna vsl. um saknæma hegðun (þ.m.t. athafnaleysi). Breytir þar engu þótt viðkomandi skilmálaákvæði feli að forminu til í sér hlutlæga takmörkun á ábyrgð váttryggingafélagsins.

Til nánari skýringar skal tekið dæmi: Skilmálaákvæði brunatryggingar, sem kveður á um að ábyrgð váttryggingafélagsins sé alfarið háð því að eldfim efni séu tryggilega geymd, er svo nátengt hegðun váttryggðs og huglægrí afstöðu hans,

að rétt er að telja það til varúðarreglu í skilningi 51. gr. vsl. Í því felst að váttryggingafélagið losnar ekki úr ábyrgð á grundvelli skilmálaákvæðisins nema að uppfylltu því skilyrði 51. gr. vsl. að váttryggður (eða annar maður „sem skylt var að gæta sömu varúðar“) hafi sýnt af sér gáleysi. Umrætt skilmálaákvæði telst m.ö.o. ekki til hlutlægrar takmörkunar á ábyrgð félagsins þrátt fyrir orðalag þess, og verður ekki talið hafa gildi eftir orðanna hljóðan. Af því leiðir m.a. að váttryggingafélagið ber að öðrum skilyrðum uppfylltum fulla ábyrgð vegna tjóns, sem rakið verður til þess, að vanhöld voru á geymslu eldfimra efna, ef það verður ekki metið váttryggðum (eða öðrum sem hann verður talinn bera ábyrgð á) til sakar.

Til frekari skýringar má nefna algengt ákvæði í skilmálum húftryggingar bifreiða og slysatryggingar ökumanns, sem kveður á um að félagið sé laust úr ábyrgð vegna tjóns eða slyss, sem verður þegar ökumaður ökutækisins hafði ekki ökuréttindi. Fræðimenn á Norðurlöndunum eru almennt sammála um að slík „ökuskirteinisákvæði“ feli í sér varúðarreglur, sem skýra beri með hliðsjón af 51. eða 124. gr. vsl. Váttryggingafélagið losnar því ekki úr ábyrgð þrátt fyrir að ökumaður bifreiðar hafi ekki haft ökuréttindi nema að uppfylltum skilyrðum síðastnefndra greina vsl., meðal annars um sök og orsakatengsl.

Skilmálaákvæði sem þessi hafa stundum verið nefnd *skjulte handlingskláusulur*, sem þýða má sem „dulbúnar hegðunarreglur“. Með því hugtaki er átt við skilmálaákvæði, sem orðuð eru líkt og um hlutlæga ábyrgðartakmörkun sé að ræða, en fela hins vegar í sér vísan til tiltekinnar hegðunar og/eða huglægrar afstöðu váttryggðs (eða annarra) og ber að skýra með hliðsjón af ófrávíkjanlegum reglum vsl.

Hér er ekki rúm til að brjóta til mergjar þau sjónarmið, sem styðjast má við þegar afmarka skal sammingsfrelsi váttryggingafélaga

að þessu leyti. Í stuttu máli eru fræðimenn hins vegar almennt sammála um að váttryggingafélögum sé heimilt að takmarka ábyrgð sína án tillits til ófrávíkjanlegra reglna vsl. að því er varðar eftirtalin atriði:

1. *Ábættan sem tryggt er gegn.* Váttryggingafélaginu er t.a.m. heimilt að ákveða í skilmálum brunatryggingar húseignar, að tryggingin bæti tjón á húseign af völdum *eldsvöða* og *eldinga* o.s.frv.
2. *Váttryggingarandlagið - hvað er tryggt.* Váttryggingafélaginu er heimilt að afmarka váttryggingarandlagið, t.a.m. með því að kveða svo á um í skilmálum húftryggingar bifreiðar, að tryggingin taki einungis til *nánar tilgreindra bluta bifreiðarinnar*.
3. *Gildistími váttryggingarinnar - hvencær gildir tryggingin.* Samningsákvæði um *uppbaf og lok gildistíma váttryggingar* eru að megin stefnu til gild óháð ófrávíkjanlegum reglum vsl.
4. *Landfræðileg takmörkun á gildissviði váttryggingar - hvar gildir tryggingin.* Váttryggingafélaginu er frjálst að ákveða í skilmálum sínum hvar viðkomandi trygging gildir, svo sem í tilteknu landi eða landsvæði.

Er þá rétt að víkja aftur að dómi Hæstaréttar, sem er tilefni þessara skrifna.

IV.

Það er óvenjulegt, en jafnframt gleðiefni, að sjá umfjöllun Hæstaréttar um gildissvið ófrávíkjanlegra reglna vsl. Rýr dómaframkvæmd á þessu sviði hér á landi kann að skrifast á reikning lögmanna, því fátítt er að þeirri málsástæðu sé hreyft í dómsmálum á hendur váttryggingafélögum að tiltekið skilmálaákvæði gangi gegn ófrávíkjanlegum reglum vsl. Án þess að hér verði nefnd ákveðin tilvik má jafnvel sjá þess (merkileg) dæmi í dómum Hæstaréttar, að Hæstiréttur hafi séð sérstaka ástæðu til að taka fram berum orðum að tiltekið skil-

málaákvæði brjóti í bága við ófrávikjanlegar reglur vsl. og yrði af þeim sökum vikið til hliðar, en þar sem ekki hafi verið byggt á þeirri málsástæðu af hálfu aðila yrði að telja skilmálaákvæðið gilt í lögskiptum váttrygðs og váttryggingafélagsins. Má mikið vera úr því að Hæstiréttur sér ástæðu til að benda aðila málsins á það, að tiltekna málsástæðu hafi í raun skort í málalíbúnaði hans.

Í forsendum dóms Hæstaréttar í málinu nr. 397/2000 segir að samningsfrelsi ríki varðandi það til hvaða sviðs váttrygging nær, og að aðilum sé því frjálst að semja um að váttryggingin gildi ekki við tiltekna aðstæður. Á þetta má fallast með Hæstarétti. Váttryggingafélaginu er t.a.m. heimilt að undanskilja ábyrgð sinni slys sem verða af völdum eldinga, styrjalda, náttúruhamfara o.s.frv. án tillits til huglægrar afstöðu váttrygðs eða annarra þegar slýsið verður.

Í framhaldinu segir í dómi Hæstaréttar að telja verði ákvæði skilmálanna um að félagið bæti ekki slys, sem tryggður verður fyrir í handalögmálum, til slíkra hlutrenna ábyrgðartakmarkana, enda sé undanþágan óháð því hvort vangá hins tryggða er um að kenna ef slys verður í handalögmálum. Á þetta verður ekki fallist með Hæstarétti. Þrátt fyrir að í fljótu bragði verði ekki séð að undanþáguákvæði vegna handalögmála séu frábrugðin undanþáguákvæðum vegna eldinga, styrjalda, náttúruhamfara o.fl. þá er hér skilsmunur á.

Eins og áður er nefnt er almennt talið að váttryggingafélaginu sé heimilt að takmarka og afmarka þá áhættu, sem það tryggir gegn, án tillits til huglægrar afstöðu váttrygðs eða ófrávikjanlegra reglna vsl. Undanþáguákvæði vegna slysa sem verða af völdum eldinga, styrjalda, náttúruhamfara o.fl. fela í sér slíkar hlutlægar ábyrgðartakmarkanir. Undanþáguákvæði vegna handalögmála er hins vegar annars eðlis að mati greinarhöfundar. Hugtakið handalögmál felur í sér

vísan til tiltekinnar háttsemi af hálfu beggja (eða allra) aðila handalögmálanna, ekki ósvipað og hugtökin slagsmál, rifrildi, bardagi o.s.frv. Verður að telja það hugtaksskilyrði, að báðir (eða allir) aðilar handalögmálanna hafi haft tiltekna (ofbeldiskennda) háttsemi í frammi. Að öðrum kosti er vart um handalögmál að ræða. Hugtakið handalögmál gerir m.ö.o. kröfu um að hinn slysatryggði hafi lagt eitthvað af mörkum til þess að hendur skiptu. Tildrög handalögmála geta verið mismunandi og menn geta lent í þeim af ýmsu tilfni. Menn geta átt upptökin að þeim með ofbeldi, stríðni o.þ.h., menn geta orðið fyrir líkamsárás og eftir atvikum veitt mótspyrnu í einhverjum mæli og menn geta sammælst um að efna til handalögmála sín í milli, til að mynda í því skyni að útkljá deiluefni. Að mati greinarhöfundar er atburðarásin þannig svo nátengd háttsemi hins slysatryggða og huglægrar afstöðu hans (hugsanlegri sök), að eðlilegt er að skýra undanþáguákvæðið með hliðsjón af ófrávikjanlegum reglum vsl. í stað þess að telja ákvæðið fela í sér hlutlæga takmörkun á ábyrgð váttryggingafélagsins, líkt og Hæstiréttur gerir. Hér er m.ö.o. átt við, að eðlilegra sé að meta í hverju tilviki hvort hinn slysatryggði hafi sýnt af sér sök, sem leitt hafi til þess að hann slasaðist í handalögmálum. Niðurstaðan um hvort bætur verða greiddar úr tryggingunni eður ei veltur þá á því hvort sök er fyrir hendi. Niðurstaða Hæstaréttar leiðir aftur á móti til þess, að þeir sem slasast í handalögmálum eiga ekki rétt til bóta úr slysatryggingu, þrátt fyrir að þeir hafi ekki sýnt af sér neina sök.

Vert er að benda á, að niðurstaða Hæstaréttar kann jafnvel að ganga svo langt að fela í sér að fórnarlömb líkamsárása eigi ekki rétt til slysatryggingarbóta, þar sem halda má því fram að þar hafi verið handalögmál á ferð. Á það einkum við um þá, sem verða fyrir líkamsárás, en ná að verjast árás-

armanninum að einhverju leyti, enda þarf vart að deila um að þar hafa átt sér stað handalögmál. Sýnist höfundur skýring Hæstaréttar á undanþáguákvæðinu ekki falla vel að þeim sjónarmiðum, sem búa að baki ófrávikjanlegum reglum vsl., og er að meginstefnu til ætlað að veita váttrygðum vernd þegar hann hefur ekki sýnt af sér sök. Hér verður einnig að hafa í huga, að hefði ætlun váttryggingafélagsins verið sú að undanþiggja ábyrgð sinni öll slys, sem verða við líkamsárás eða önnur ofbeldisverk, þá hefði félaginu verið í löfa lagið að orða undanþáguna á þann hátt. Sanngirnisrök og andskýringarregla samninga- og váttryggingaréttar skjóta því enn styrkari stoðum undir rétt váttrygðs að þessu leyti. Undanþága vegna handalögmála er nefnilega annars eðlis en undanþága vegna „allra ofbeldisverka“, eins og rakið er hér að framan, vegna hinnar sterku vísunar hugtaksins handalögmál til hegðunar hins slysatryggða.

Það er rétt að taka fram, að fráðimenn á Norðurlöndunum hafa ekki verið á einu máli um skýringu undanþáguákvæða vegna handalögmála og svipaðra tilvika í skilmálum slysatrygginga. Þannig eru sumir á þeirri skoðun, að rétt sé að telja ákvæðin til hlutlægra takmarkana á ábyrgð félagsins. Margir þeirra hafa talið sanngjarn að skýra ákvæðin út frá orsaka-reglu, þannig að fullar bætur greiðist að öðrum skilyrðum uppfylltum, ef slýsið verður ekki beinlínis rakið til handalögmálanna, sem hinn slysatryggði var í er hann slasaðist. Tekur Hæstiréttur undir þá skoðun í dómi sínum. Aðrir fráðimenn eru á sömu skoðun og greinarhöfundur, og telja að undanþáguákvæði vegna handalögmála feli í sér kröfu um að hinn slysatryggði hafi sýnt af sér sök svo að félagið losni úr ábyrgð.

Það er síðan sérstakt álitaefni hvaða reglur vsl. það eru, sem taka best til undanþáguákvæða vegna handalögmála. Hér eru ekki tök á ítarlegum vangaveltum þar um, en

rétt er að benda á að umrædd skilmálaákvæði falla fremur illa að skilgreiningu 124. gr. vsl. á hugtakiinu varúðarreglur. Þá verður tæplega talið að skilmálaákvæðin feli í sér umfjöllun um aukna áhættu í skilningi 121. gr. laganna. Er það einkum vegna þess, að með aukinni áhættu í skilningi váttryggingaréttar er jafnan átt við nokkuð varanlega aukningu á þeirri áhættu, sem tryggingin tekur til. Að mati greinarhöfundar fer best á því að skýra umrædd skilmálaákvæði með hliðsjón af 18. — 20. gr. vsl., sem fjalla um þau tilvik þegar váttryggingaratburðinum er valdið af ásetningi eða gáleysi. Af því leiðir, að váttryggingafélagið losnar einungis úr ábyrgð ef hinn slysatryggði hefur átt þátt í handalög-málunum (og þar með valdið váttryggingaratburðinum) af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi. Hafi hinn slysatryggði einungis sýnt af sér einfalt gáleysi myndi félagið jafnan bera fulla ábyrgð. Í þessu

sambandi er rétt að geta þess, að með stórkostlegu gáleysi í váttryggingarétti er jafnan átt við þá huglægu afstöðu, sem kalla mætti meðvitað stórkostlegt gáleysi. Það þarf m.ö.o. meira til að koma í váttryggingarétti en skaðabótarétti svo talið verði að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða.

Viðvíkjandi dómi Hæstaréttar skal áréttað, að hér verður ekkert fullrytt um að nokkru hefði breytt um niðurstöðu málsins þótt Hæstiréttur hefði skýrt umrætt undanþáguákvæði út frá reglum 18. — 20. gr. vsl. Með hliðsjón af þeim málavöxtum, sem Hæstiréttur leggur til grundvallar niðurstöðu sinni, má raunar telja afar líklegt að váttryggingafélagið hefði allt að einu verið sýknað, þar sem telja má að hinn slasaði hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn.

Það sem skiptir máli er hins vegar skýring Hæstaréttar á undanþáguákvæði skilmálanna, eins og áður segir, því nærri liggur að með

því séu almennar líkamsárásir undanþegnar bótaskyldu slysatrygginga. Greinarhöfundur telur hæpið að sá hafi verið tilgangur váttryggingafélaga með setningu skilmálaákvæðisins í öndverðu, enda hefur greinarhöfundur fengið greiddar slysatryggingarbætur fyrir skjólstæðinga, sem hlotið hafa tímabundna eða varanlega örorku í kjölfar líkamsárása.

V.

Nú stendur fyrir dyrum endurskoðun á lögum nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga. Löggin eru komin nokkuð til ára sinna, en hafa þjónað okkur vel, enda var vandað til setningar þeirra. Þau eru afurð norræns samstarfs á þriðja áratug síðustu aldar, sem Íslendingar tóku raunar ekki þátt í, en nutu ávaxta erfðis frændþjóða sinna. Danir styðjast enn við lög, sem eru samhljóða þeim íslensku að stofni til. Norðmenn framkvæmdu hins vegar heildarendurskoðun þarlendra laga um váttryggingarsamninga með setningu nýrra laga árið 1989. Við endurskoðun norsku laganna var mikil vinna lögð í að gera réttarstöðu váttryggðs og váttryggingartaka skýrari að því er varðar heimild váttryggingafélagsins til að undanþiggja sig ábyrgð. Lesa má ítarlega fræðilega umfjöllun þar að lútandi í greinargerðum þeirra nefnda, sem að endurskoðuninni unnu, í Norges offentlige utredninger númer 1983:56 og 1987:24. Er líklegt að nefndin, sem vinnur að endurskoðun íslensku vsl., muni hafa nokkra hliðsjón af þeirri góðu vinnu.

Til frekari fróðleiks um álitafnið má benda á ítarlega umfjöllun í ritgerð Jan Hellner, Exclusions of Risk and Duties Imposed on the Insured, endurprentun úr afmælisriti Försäkringsaktiebolaget Skandia, útgefni í Stokkhólmi 1955, og greinargóða umfjöllun í riti Knut S. Selmer, Forsikringsrett, 2. útgáfa, 2. upplag, Universitetsforlaget AS, útgefni í Osló 1986.

AÐFARARGERÐIR

eftir Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómara

Fæst hjá Bóksölu stúdenta og á skrifstofu L.M.F.Í.

— o o o —

Aðrar bækur útgefnar af Námssjóði L.M.F.Í.:

Dómar um bótaábyrgð hins opinbera 1920-1984

Dómar í félagarétti 1968-1988

Dómar í sjóréttarmálum 1965-1982

Dómar um veðréttindi 1920-1988

Dómar í skaðabótamálum 1979-1988

Dómar í skaðabótamálum 1973-1978

Dómar um almennt einkamálaréttarfar

Námssjóður Lögmannafélags Íslands

Frumvarp til laga um ábyrgðarmenn

Frumvarp til laga um ábyrgðarmenn, sem nú er fyrir Alþingi er, að mínu mati eitt af skýrari dæmum þess þegar alþingismenn eru að elta við atkvæði fremur en að setja skynsama lög-gjöf sem fellur að þeim leikreglum sem gilda í samfélaginu almennt. Meginalli frumvarpsins er sá að það tekur, í veigamiklum grundvallaratriðum, aðeins á mjög þröngum hagsmunum, sem veldur því að fjárhagsleg ábyrgð er slitin úr samhengi við önnur mikilvæg lagasjónarmið og ekki síst gildandi meginreglur í löggjöfinni sem eiga sinn sess við lagasmíð af þessu tagi, s.s. einsog aðfararlög, gjaldþrotalög, viðkiptabréfsreglur og almennar reglur um kröfuábyrgð, svo það helsta sé talið.

Í athugasemdum með frumvarpinu er því lýst að byggt sé að miklu leyti á sjónarmiðum um neytendavernd, - Markmið frumvarpsins sé að rétta hlut ábyrgðarmanna og ekki er laust við að við fyrstu sýn hafi frumvarpið yfir sér réttarbóta-

blæ. Þegar frumvarpið er gaumgæft sýnist hinsvegar að gengið sé nokkru lengra en almenn sjónarmið um neytendavernd gera ráð fyrir. Tilgangurinn með frumvarpinu sýnist ekki síður vera sá að hafa vit fyrir fólk með því, í fyrsta lagi, að takmarka með lögum hina venjulega fjárhagslega ábyrgð fólks á frjálsum og löglegum skuldbindingum sínum, og, í öðru lagi, að takmarka réttindi fólks til að stofna til fjármálasamninga. Á altari þessa markmiðs er fórn að ýmsum mikilværum hagsmunum til tjóns fyrir viðskiptalífið án þess, að því er virðist, að alþingismenn hafi af því áhyggjur.

Frumvarpið er auk þess meingallað út frá lagatæknilegu sjónarmiði. Í stuttri grein er ekki unnt að gera frumvarpinu fullnægjandi skil og er því aðeins bent á nokkur atriði sem telja má veigamest m.t.t. þeirra breytinga sem því er ætlað að hafa á viðskiptaumhverfið. Helst ber að telja 9.gr. frumvarpsins sem bannar að gerð sé aðför í

fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr eða fjölskylda hans ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs enda hafi ábyrgðarmaður ekki haft hag af lánveitingunni eða stofnun kröfunnar. Auk heldur er kveðið á um í greininni að kröfuhafi geti ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi ábyrgðarmanns ef krafa á rót að rekja til ábyrgðarloforðs nema hann geri sennilegt að um sviksamlegt undanskot eigna ábyrgðarmanns hafi verið að ræða eða ábyrgðarmaður hafi haft ávinning af lánveitingunni eða stofnun kröfunnar. Hvergi í löndum Evrópu er að finna sambærileg ákvæði sem takmarka rétt kröfuhafa til að ganga að þeim sem bera kröfuábyrgð á grundvelli frjálstra samninga. Í frumvarpinu er vísað með yfirborðskenndum hætti til svonefndrar „Homestead Exemption“ reglu í bandaríkjunum sem kveður á um, með afar misjöfnum hætti eftir ríkjum, hvaða fasteignaréttindi skulu undanþegin við gjaldþrot. Þessi regla er frávikjanleg og er al-



Hróbjartur Jónatansson, brl. í ræðustól.



Lúdvík Bergvinsson, alþingismaður annar frummælenda.



Pétur Blöndal, alþingismaður tók til máls á fundinum.



Fundarmenn fylgdust með alvörubrunnir á svip.

mennt vikið frá henni í lánsamningum þar í landi.

Þrátt fyrir fjárnámsbann 9. gr. er ekki gert ráð fyrir því að hróflað sé við rétti manna til að veðsetja fasteignir sínar á grundvelli ábyrgðarloforðs og engar hömlur eru sjáanlegar í frumvarpinu við því að selja megi þannig veðsetta fasteign nauðungarsölu. Til hvers er þá barist?

Verulega skortir á í athugasemdum með frumvarpinu að skýrð séu hugtök sem hér skipta máli. Hvenær hefur ábyrgðarmaður „hag af lánveitingingu“? - Er munur á

„hag“ og „ávinningi“ Og hvað felst í orðalaginu “á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs”. Eða „sviksamlegt undanskot“ Dómstólar munu fá það hlutverk, ef af verður, að meta slík tilvik og dómsmálum mun að líkindum fjölga.

Bannregla 9.gr. er til þess fallin að veita fólki falskt öryggi og færa má rök að því hún leiði til þess að fólk verð almennt kærulausara um að takast á hendur fjárhagslega ábyrgð, í trausti þess að heimilisfasteignin sé undanþegin aðför. En sú vernd sem 9.gr. kveður á um á ekki við þegar fasteign hefur verið

seld. Þá fer eignarrétturinn yfir til kaupanda en seljandinn eignast kröfurétt á hendur kaupanda um greiðslu kaupverðs. Þau kröfuréttindi eru ekki undanþæg aðför.

Þá er ljóst að víxlar og skuldabréf munu, ef af verður, ekki hafa sömu þýðingu í viðskiptum milli manna. Varasamt verður að taka við víxli eða skuldabréfi með ábyrgð nema að gera um leið áreiðanleikakönnun á því hvað raunverulega felist í lofordum þeirra sem skuldbinda sig, svo sem hvort að ábyrgðarmenn hafi fengið allar upplýsingar sem þeim bar lögum samkvæmt, hvort ábyrgðarmenn hafi haft hag af stofnun kröfunnar sem er að baki viðskiptabréfinu, hvort að skuldbinding aðalskulðara megi rekja til ábyrgðarloforðs, o.fr.v.

Í frumvarpinu segir að lögnum sé ekki ætlað að vera afturvirk en þó segir að á hinn bóginn muni þau gilda um réttarsambönd sem þegar hefur verið komið á og hefur ekki verið lokið. Kröfuréttindi eru varin af 72.gr.stjórnarskrárinnar og verða ekki tekin af með opinberum aðgerðum nema fullt verði komi fyrir. Fyrirsjáanleg eru því málaferli gegn hinu opinbera ef kröfuhafar geta ekki gengið að einstaklingsábyrgðum vegna bannreglu 9. greinar.

Ekki verður séð að nú sé þörf á að setja sérstaka löggjöf um ábyrgðarmenn. Það tíðkast ekki lengur að fólk gangi í ábyrgðir fyrir aðra í sama mæli og áður var m.a. vegna þess að dómstólar hafa gert strangar kröfur til fjármálastofnana um stofnun ábyrgða og svo með tilkomu samkomulags fjármálastofnana um framkvæmd sjálfskuldarábyrgða. Miklu fremur má huga að setningu heildstæðrar löggjafar um fjármálasamninga með líkum hætti og t.d. á norðurlöndunum. Og slíka lagasmíð má ekki hugsa út frá þröngum sérhagsmunum, pólitísku atkvæðabraski eða án samhengis og samræmis við grundvallar lagareglur þjóðfélagsins.

Endurrit hæstaréttardóma

L.M.F.Í. lætur fjölfalda og sendir
áskrifendum endurrit hæstaréttardóma á
mánaðarfresti.

Endurritin eru í lausblaðaformi og með
efnisyfirliti.

**Áskrift er hægt að panta á skrifstofu
L.M.F.Í., í síma 568-5620.**

Námsferð til London á vegum LMFÍ dagana 1.-4. mars 2001

Magnús Haukur Magnússon, brl.

Rúmlega 40 manna hópur lagði af stað til London í námsferð á vegum LMFÍ að morgni 1. mars sl. Þessi ferð var skipulögð af félagsdeild LMFÍ. Fararstjóri í ferðinni var Jóna K. Kristinsdóttir. Skipulögð dagskrá var af hálfu LMFÍ á fimmtudag og föstudag en laugardagur og sunnudagur voru frjálssir eins og sagði í kynningu á ferðinni

Komið var til London um hádegisbil. Hópurinn hélt á hótelið Melia White House við Regent Park. Dvölin á hótelinu var stutt og hald-

ið var í heimsókn í the London Court of International Arbitration. Þegar þangað kom hélt hópurinn niður á jarðhæð byggingarinnar og þar var haldið fróðlegt erindi um Gerðardóminn. Farið var yfir helstu reglur sem gilda um málsmeðferð og annað sem lýtur að framkvæmd mála hjá stofnuninni. Gerður var góður rómur að fyrirlesara og færði formaðurinn honum gjöf frá LMFÍ að fyrirlestri loknum. Þegar hér var komið sögu var nokkuð farið að halla að degi og klukkan orðin rúmlega fimm.

Næsta atriði sem var fyrirhugað var móttaka hjá Þorsteini Pálssyni sendiherra Íslands í London og eiginkonu hans Ingibjörgu Þ. Rafnar brl. Sú heimsókn var ráðgerð kl. 18:15 en ljóst var að sú áætlun stæðist ekki þar sem áætlunarbifreiðin yrði nokkra stund á hótelið og þaðan til bústaðar sendiherrans í umferðinni eins og hún er í London um fimmleytið. Ekki var laust við að nokkurrar óþolinmæði gætti hjá farþegum í rútunni í umferðarteppunni. Fór svo að lokum eftir nokkrar vangaveltur að nokk-



Hópurinn samankomin í skrifstofubyggingu Clifford Chance.



Fulltrúar Gerðardómstólsins „London Court of International Arbitration“ kynna fyrir lögmönnum dómstólinn.



Ábugasamir lögmenn fylgjast með kynningu í Gerðardómstólum.



Frá móttöku Þorsteins Pálssonar sendiherra og Ingibjargar Rafnar. Jakob R. Möller brl. fylgist með.



Jóna K. Kristinsdóttir, fulltrúi félagsdeildar LMFÍ, Þóra Bjarnadóttir og Kristín Jónsdóttir í Sendiráði Íslands.

Ásgeir Thoroddsen brl. Ragnar H. Hall, brl., Þorsteinn Pálsson sendiherra og Svala Thorlacius brl.



Fulltrúar The Law Society auk Ásgeirs Thoroddsen brl. formanns LMFÍ.

Formaður LMFÍ afbendir fulltrúum Clifford Chance þakklætisvott fyrir móttökurnar.

ur hópur manna undir forystu Jakobs R. Möller hrl. gripu til þess ráðs að yfirgefa bifreiðina og ganga þann spöl sem eftir var á hótelið. Var sá hópur kominn fyrir á áfangastað en hinir sem biðu þolinmóðir í rútunni.

Sendiherrahjónin tóku höfðinglega á móti okkur í smekklefum húsakynnum og voru veitingarnar glæsilegar. Ekki var skipulagt borðhald eftir móttökuna hjá Þorsteini Pálssyni og Ingibjörgu Þ. Rafnar hrl. Undirritaður fór með hópi fólks á ítalskan veitingastað og naut hópurinn röggSAMRAR leiðsagnar Braga Björnssonar hdl. sem bjó í London og var gerkunnugur öllum staðháttum.

Föstudagurinn hófst með heimsókn í Old Bailey (The Central Criminal Court Old Bailey). Þar fengum við góða leiðsögn undir stjórn Ian Fry. Þessi heimsókn var

eftirminnileg. Leiðsögumaðurinn skemmtilegur og fróður auk þess sem áhugavert var að sjá þetta fræga dómhús. Hópnum var skipt upp í tvo hluta og fór hinn hluti hópsins í The Royal Courts of Justice með stuttri viðdvöl á kaffistofunni í The Law Society of England and Wales. Þar var bæði hátt til lofts og vítt til veggja. Óneitanlega kom mönnum í hug Álftamýri 9 þegar þangað kom.

Sá hópur sem undirritaður fór með í The Royal Courts of Justice var viðstaddur þinghald í refsimáli. Þar var verið að yfirheyra sérfræðing. Við frekari athugun kom í ljós að hér var verið að yfirheyra Gísla Guðjónsson réttarsálfræðing. Tekið skal fram að í dómhúsinu er fjöldi dómsala og hópurinn gekk inn í þennan dómsal af algerrri tilviljun. Það var sérstaklega minnstætt að sjá ensku lögmenntina að

störfum og þá ekki síst kurteisi þeirra í samskiptum sín í milli og við dómara málsins. Þó var langt frá því að lögmennirnir gæfu nokkuð eftir við að fylgja sínu máli eftir með spurningum fyrir vitnið.

Hádegisverður var síðan í boði Clifford Chance lögmennsstofunnar. Sú lögmennsstofa er verulega stór á íslenskan mælikvarða. Meðeigendur eru 650 og starfa 2900 lögfræðingar hjá fyrirtækinu um heim allan. Lögmennsstofan sameinaðist stofu í Bandaríkjunum og annari frá Þýskalandi í janúar 2000. Fundarsalurinn var á efstu hæð 17 hæða byggingar og var okkur tjáð að fasteign þessi væri of lítil fyrir starfseminu og að nýtt hús væri í byggingu. Á móti okkur tóku þrír af eigendum stofunnar. Beið hópsins glæsilegt hádegisverðarborð en að málsverði loknum voru haldin þrjú erindi sem má



Hópurinn blyðir á kynningu Clifford Chance.

segja að hafi verið kynning á lögmannsstofunni og þeim sjónarmiðum sem rekstur hennar er byggist á. Erindin voru öll fróðleg og skemmtileg. Vinnuálag ungra lögfræðinga bar á góma í kjölfar upplýsinga og fyrirspurna um þann fjölda lögfræðinga sem starfa hjá fyrirtækinu. Ljóst er að vinnuálagið er töluvert miðað við þær lýsingar sem við fengum. Í kjallara hússins er líkamsræktarstöð fyrir starfsmenn og matvöruverslun. Við fengum að vísu ekki aðgang að þessum húsakynnum en Gestur Jónsson hrl. upplýsti undirritaðan um þessa staðreynd. Má því segja að menn eigi ekkert erindi út fyrir veggj stofunnar nema til að kasta sér þær fáu stundir sem gefast til þess.

Síðdegis þennan dag hélt hópurinn í kynningu hjá The Law Society of England and Wales. Að sögn þeirra sem þangað fóru var viðurgjörningur allur hinn glæsilegasti og kynningin skemmtileg í alla staði.

Að móttöku lokinni héldu flestir í sameiginlegan kvöldverð á ítalskan veitingastað. Þar voru karoke-græjur og til þess ætlast að gestir tækju lagið. Íslendingarnir létu ekki sitt eftir liggja og sungu allir a.m.k. eitt lag hver. Var gerður góður rómur að söng lögmanna og þeirra gesta. Að öðrum ólöstudum er mér sagt að Halldór Backman hdl. hafi sungið Delila með þvílíkum tilburðum með aðstoð for-

mannsins og Atla Gíslasonar hrl. að Tom Jones megi fara að vara sig. Fer engum sögum af því hvort konur hafi kastað af sér fatnaði eins og á tónleikum kappans.

Laugardagurinn var frjáls eins og áður segir. Ég veit fyrir víst að nokkrir úr hópnum fóru á knattspyrnuleik. Ég fór t.d. við þriðja mann til Coventry í þeim erindum að sjá heimamenn keppa við Chelsea.

Allt skipulag ferðarinnar var til fyrirmyndar og er þar einkum að þakka mjög ákveðinni stjórn Jónu K. Kristinsdóttur og eru henni færðar bestu þakkir. Stjórn hennar var svo ákveðin að þegar einn úr hópnum varð viðskila við hópinn í miðri London á föstudeginum, þá var ekki við annað komandi en að aka um svæðið og leita að hinum týnda. Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar manna í hópnum í þá átt að það væri vonlaust verk að leita að manni í 60 manna rútu í miðri London gaf Jóna sig ekki. Viti menn eftir um það bil 15 mínútna akstur fannst maðurinn.

Ferð þessi var hin ánægjulegasta og sérstaklega fyrir þær sakir hversu vel hún var skipulögð og ekki sakaði að hafa laugardaginn sem frídag til þess að menn gætu sinnt áhugamálum hvort sem var að fara í leikhús, hlusta á óperu eða sjá ballett.

Hér með hvet ég LMFÍ að skipuleggja ferðir sem þessa sem oftast.



Gunnar Gunnarsson lögmaður hjá Vegagerðinni virðir fyrir sér bókasafn Law Society.



Þátttakendur fá sér að snæða af blaðborði sem Clifford Chance bauð upp á í bádeginu.

Fundur sjálfstætt starfandi kvenna í lögmannastétt

Lögmenn á Lögmannsstofunni Skeifunni, þær Dögg Pálsdóttir hrl., Kristín Briem hrl. og Steinunn Guðbjartsdóttir hdl., boðuðu allar sjálfstætt starfandi konur í lögmannastétt til fundar á skrifstofu sinni í Skeifunni 11a í lok mars sl. Tílefnið var umræða sem í gangi hefur verið um stöðu kvenna í stéttinni og hugmyndir um hvort þörf væri á að konur í lögmennsku bindust einhvers konar félagsböndum. Boðaðar voru allar konur með eigin rekstur, en þær eru um 30, og mættu 25. Á fundinum var rætt um stöðu kvenna í stéttinni, um mikið brottfall þeirra úr lögmannsstörfum, hvernig unnt væri að hvetja

ungar konur til að hefja lögmennsku og hvort félagskapur lögmannna gæti og ætti að hafa einhver áhrif þar á. Höfðu framsögu þær Ástríður Grímsdóttir hdl., sem senn hverfur úr lögmennsku í stöðu sýslumanns á Ólafsfirði, Sif Konráðsdóttir, hrl. og Valborg Snævarr hrl. Líflegar umræður spunnust að loknum framsöguerindum og tók meirihluti fundarmanna til máls. Þegar hefur verið ákveðið að hittast aftur í júní og síðan í haust. Að loknum umræðum var tekið til við veitingar í boði gestgjafanna og hinar óformlegu umræður tóku við.



Lögmenn hlýða alvarlegir á framsögumenn. Standandi eru Guðrún Helga Brynleifsdóttir, bdl., Kristín Briem, brl., Jónína Bjartmarz, hdl. og alþingismaður, Stefanía Sæmundsdóttir, bdl. fulltrúi Daggar Pálsdóttur, brl. og Elinborg Björnsdóttir, bdl. Sitjandi er Svanbvít Axelsdóttir, bdl., fulltrúi á LOGOS.



Verðandi sýslumaður norðan beiða, Ástríður Grímsdóttir bdl., ásamt stórlögmonnum norðan og sunnan beiða; Ingu Þóll Þórgnýsdóttur, hdl., Svölu Thorlacius, brl. og Láru V. Júlíusdóttur, brl.



Bollaleggingar hæstaréttarlögmannna Daggar Pálsdóttur og Erlu S. Árnadóttur.



Léttmeti var í bland við alvarlegri mál. Hér sitja Þórdís Bjarnadóttir, bdl., Edda Sigrún Ólafsdóttir, bdl. og Helga Leifsdóttir, bdl. Standandi eru Ingibjörg Bjarnadóttir, bdl., Hanna Lára Helgadóttir, brl., Stefanía Sif Thorlacius, bdl., fulltrúi Gylfa og Svölu Thorlacius, Þórey Aðalsteinsdóttir, bdl. og Þorbjörg Inga Jónsdóttir, bdl.

Fréttir frá félagsdeild

Félagsdeildin auglýsir eftir félögum

Félagsdeild óskar lögmönnum gleðilegs sumars og þakkar ánægjulegan vetur.

Eins og lögmönnum er kunnugt byggir félagsdeildin afkomu sína á árgjöldum félaga kr. 8.000.- á ári og fara því tekjurnar eftir fjölda lögmanna í deildinni. Í dag greiða til deildarinnar 324 lögmenn og 4 lögfræðingar en í deildinni eru 365 lögmenn en 41 greiða ekki vegna aldurs. Það þarf ekki mikla reikningsheila til að sjá að endar ná varla saman þegar laun starfsmanns og kostnaður við rekstur deildarinnar er tekinn saman. Félagsdeildin hefur haldið námskeið á sínum vegum og þannig fengið möguleika á tekjuaukningu. Einnig munu tekjur af skráningu þjónustuskrár lögmanna á heimasíðu félagsins renna til félagsdeildar. Enn það þarf meira til. Í lok mars sendi félagsdeildin bréf til allra lögmanna sem ekki voru skráðir í félagsdeild og hafa nokkur viðbrögð verið og skráning tekið kipp. Ég vil hvetja alla lögmenn og lögfræðinga til að styðja við bakið á ungviðinu. Ekki má gleyma því að í lögum um félagsdeild segir að allir sem lokið hafa embættisprófi í lögum geti orðið félagar í félagsdeild. Lögmenn þurfa auðvitað að gera upp við sig hvort nauðsyn sé fyrir félagið að halda uppi fræðslustarfi, bókasafni, útgáfu - og kynningarmálum, árshátíð, málþingum, fræðslufundum og annarri þjónustu við lögmenn almennt.

Ný fræðslunefnd

Eftir aðalfund LMFÍ í mars s.l. tók ný fræðslunefnd til starfa. Ársæll Hafsteinsson meðstjórandi síðustu stjórnar tók við starfi gjaldkera og lét af formennsku í fræðslunefnd og nýr meðstjórandi Helgi Jóhann-



Jóna K. Kristinsdóttir

esson var skipaður formaður fræðslunefndar. Þau Sif Konráðsdóttir og Arnór Halldórs-son höfðu tilkynnt til félagsins að þau vildu hætta störfum í fræðslunefnd vegna anna. Eru þeim sendar þakkir fyrir vel unnin störf. Nýr í fræðslunefnd eru: Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl. og Hörður Felix Harðarson hdl. auk Helga Jóhannessonar hrl. Ný nefnd hefur hafið störf og eru komin drög að nýjum og spennandi námskeiðum á haustönn 2001 sem verða kynnt síðar.

Námskeið

Félagsdeild stóð fyrir námskeiði fyrir starfsmenn í byrjun apríl um gerð Hæstaréttarágripa. Var þátttaka sæmleg en vænta hefði mátt meiri þátttöku þar sem um þarfa- verk er að ræða. Voru þátttakendur ánægðir með námskeiðið og er

fyrirhugað að halda það aftur að ári liðnu. Námskeiðin í vetur hafa gengið vel. Vil ég minna lögmenn á námskeið sem haldin verða hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands í maí en þar má sérstaklega geta námskeiðisins „Helstu nýjungar í réttarsálfræði með Gísla H. Guðjónssyni, prófessor og réttarsálfræðingi. Gísli mun fjalla um hlutverk réttarsálfræðinga almennt og sérstaklega um falskar játningar og reynslu sína af meðferð slíkra dómsmála í sex löndum. Skráning fer fram hjá Endurmenntun.

Námsferð LMFÍ

Eins og greint var frá í síðasta tölublaði Lögmannablaðsins fór félagsdeild í námsferð til London ásamt lögmönnum og mökum samtals 44 manns. Um ferðina er fjallað nánar í blaðinu. Það er skemmst frá því að segja að ferðin var hin ánægjulegasta og voru móttökur ytra höfðinglegar á öllum stöðum. Fleiri námsferðir eru fyrirhugaðar á næstu árum og væri gaman að fá hugmyndir lögmanna um staði og stofnanir sem gaman væri að heimsækja. Í þessu tölublaði Lögmanna- blaðsins er að finna grein og myndir frá ferðinni.

Frá ritstjóra og ritnefnd:

Aðsendar greinar

Félagsmenn eru hvattir til að rita í blaðið greinar, langar eða stuttar, um hugðarefni sín er tengjast störfum lögmanna. Til að auðvelda vinnslu blaðsins væri æskilegt að aðsendar greinar kæmu bæði prentuðu formi og á tölvudiskum, t.d. í Word eða Word-Perfect ritvinnsluformi. Þá þarf helst ljósmynd af greinarhöfundi að fylgja.

Af Merði lögmanni

Eftir árshátíð Lögmannafélagsins varð Mörður viðskila við hina síðprúðu kollega sína á leiðinni heim. Eftir voru hinir sönnu skólafélagar úr lagadeildinni. Leiðin lá um miðbæinn, vítt og breitt um refilstigu hins frjálsa opnunartíma veitingastaða. Eftir að þeir félagar höfðu í prakkaraskap sínum litið inn á „erótískan dansstað“ var Mörður orðinn vinur allra á Austurvelli. Hann bauð hinum og þessum að koma til sín á skrifstofuna því nóttin væri ung. Skrifstofa Marðar var eins og átakasvæði og fólkið var þaulsetið. Þar á

meðal var ungersk dansmey sem fyrr um kvöldið hafði leikið listir sínar á stöng. Skólasyntir Marðar úr lagadeildinni hafði einnig slegist með í för og var yfir sig hneysklud. Þegar samkvæmið stóð hæst fannst henni nóg komið og rak allt liðið út. Og þá ungersku líka með harðri hendi, hvar hún sat í kjöltu Marðar og daðraði við hann, klædd í leðurboxur og með varalit í hendinni, flissandi. „Hvaða ólifnaður er þetta eiginlega, Mörður – einhverjar dansmeyjar og skrill?“ atyrti skólasyntirin. „Hvað heldurðu að fólk haldi? Á ég ekki að keyra þig heim?“ – Ekkert vitrænt svar, heldur hægri höndin upp með krepptum hnefa og gamli brandarinn hans: „Áfram Skallagrímur, nóttin er ungl!“ Hún horfði á hann þar sem hann laut höfði, sitjandi í stólum og hraut. Það fór ekki illa um hann hugsaði hún með sér og fór síðust út.

Það var sunnudagur. Mörður vaknaði á skrifstofunni þennan morgun. Það var langt um liðið frá því að Mörður hafði litið gagnrýnum augum í spegil. Af illri nauðsyn varð þessi sunnudagsmorgun fyrir valinu. Ekki fögur sjón. Þarna stóð Mörður og reyndi hvað hann gat til að ná af enninu á sér áletruninni „Olga Nakinskova“ sem rituð hafði verið með eldrauðum varalit. Hann nuddaði ennið með sápu og sveið undan græna Hreinolinu, sem var það eina sem til var á skrifstofunni. Flöskur voru um allt gólf og drepið hafði verið í vindli á lagasafni frá 1973. Sólín var nýkomin upp og minnti Mörð á að hann ætlaði að vinna þessa helgi. Sólín yrði þó örugglega sest langt í vestri þegar hægt yrði að lögjafna með höfði Marðar. Engir seldir tímar þessa helgina, heldur keyptir og ólýsanlegur höfuðverkur. Það grunaði ekki Mörð að konur frá

Ungverjalandi væru með hærra tímagjald en hann og það fyrir að dilla sér í einkadansi.

Mörður stóð enn fyrir framan spegilinn og rifjaði upp nóttina. Hann stóð kyrr. Dró andann og dæsti, dapur og með skeifu. „Ja, hérna“, hvíslaði hann. Hann horfði áfram í spegilinn, hreyfingarlaus. Það sást enn mótað fyrir nafni hinnar ungersku. Hann kveikti á útvarpinu. Umræðuþátturinn „Gestir vikunnar“ var á dagskrá. Sólveig Katla Guðrúnardóttir, mannfræðingur, talaði um kvenfyrirlitningu, vændi og ofbeldi

fyrir og nú. Til andsvara var Kári Jónson, skipstjóri og fyrrverandi alþingismaður. Umsjónarmaður þáttarins var Hróðmar, styrkþegi, heimsborgari og pistlahöfundur. „Sólveig, nú ert þú nýkomin af ráðstefnu um kynflotta og kynfirrð kvenna, sem haldin var í Lundi. Er þörf fyrir meiri umræðu um kynvitund almennt?“ – „Ég held að fyrst þurfi að koma til hugarfarsbreyting“, svaraði Sólveig. „Við horfumst í augu við sívaxandi kynbundið ofbeldi og við megum þá ekki gleyma inntakinu í mannréttindakonseptinu – þetta togast svo mikið á, kynvitundin og þessi kynháðu félagsréttindi í þeim

alþjóðlegu samningum sem ...“ „Bíddu, kynháð réttindi, þú átt á við?“, spurði Hróðmar, „Nei, hættu alveg, ég verð að fá að grípa hér inn í sko, það mætti halda að þið þessar kvennakonur eða hvað það nú er, séuð bara ekki í neinum tengslum við lífið sko „ertu ekki gift þarna?“ Sólveigu líkaði ekki orðið gift, því það þýddi að gefa; hún væri

óháð kynvera. „Þú þekkir ekki angistina í kvenvitundinni þegar dansað er fyrir fé, þú þekkir ekki óttann við ofbeldið. Við viljum mannréttindi, ekki angist mansalsins“, svaraði Sólveig. „Ég þekki bara angist til sjós, vina mín“, sagði Kári. „Þegar maður sér ölduna koma á móti sér og hvar eru þessir mannréttindasamningar þá, ha? – nei, þeir eru bara ekki um borð sjáðu! - og ég nenni ekki að hlusta á eitthvort andskotans væl um kynháð mannréttindi eða hvað það nú hét og“. „Við skulum nú ekki blóta í Ríkisútvarpið“, greip Hróðmar inn í, „en segðu mér Kári ...“. Mörður slókkta á útvarpinu. Þessi þáttur fjallaði greinilega um vonda menn eins og hann. Mörður var með vonda samvisku, málstaður hans lélegur og Kári þessi var ömurlegur verjandi.

Sólín yrði þó örugglega sest langt í vestri þegar hægt yrði að lögjafna með höfði Marðar.

Lögmaðurinn hafði nefnilega útskýrt fyrir henni að hún ætti sinn rétt vegna þess að art. 65 í stjórnarskrá bannaði að gera greinarmun á erótískum dansi, ballet eða fimleikum.

Meistaradeild LMFÍ í knattspyrnu innanhúss

11. maí 2001

Agætu lögmenn. Vorið er komið og grundirnar gróa sem þýðir að hið árlega innanhússmót LMFÍ í knattspyrnu nálgast.

Mótið fer nú fram í 7. sinn þann 11. maí n.k., í íþróttahúsi litla Reykjavíkurfélagsins Fram við Álftamýri.

Núverandi handhafi bikarsins er Reynslan og léttleiki, sem tók titilinn af Bolta.is sem sigraði með glæsibrag árið á undan, en minna má á að Grínarafélagið hefur 2. sinnum unnið keppnina frá upphafi.

Nú er bara að taka frá þann 11. maí í dagbókinni en mótið hefst væntanlega um kl. 14:00 og stendur fram eftir kvöldi.

Félagsdeild Lögmannafélagsins hefur samið við alla Héradsdóma landsins og sýslumenn, um að öllum fyrirtökum og mætingum eftir hádegí þann 11. maí beri að fresta þegar í stað.

Við spilum áfram eftir gamla innanhússkerfinu, þ.e. 4 leikmenn spila inná í hverjum leik. Varamannafjöldi er ótakmarkaður, en hámarksaldur liðsins í heild má ekki fara yfir 300 ár. Spilað verður í einum riðli ef færri ef 7 lið tilkynna þátttöku, annars verður spilað í 2 riðlum og úrslitakeppni 2ja efstu liða úr hvorum riðli. Dómarar verða frá KSÍ.

Skilyrði er að meirihluti leikmannahópsins og 5 í það minnsta, séu félagsmenn í LMFÍ, aðrir þurfa að hafa lokið lögfræðiprófi eða með BA í félagsfræði.

Þátttökutilkynningu ber að skila til skrifstofu LMFÍ (myndriti 568-7057 eða á tölvupósti jonak@lmfi.is) fyrir 4. maí n.k. Í tilkynningunni þarf að koma fram:

- 1) Hverjir skipi viðkomandi lið.
- 2) Hver verði tengiliður liðsins við mótanefndina.
- 3) Nafn á liðinu.
- 4) Sponsora og búningahönnuð.

Keppt verður um farandbikar og veitt verða verðlaun fyrir fyrstu 3 sætin. Þátttökugjald verður ca. 6.000.- en það ræðst endanlega af þátttöku liða.

Nú er því um að gera að hysja upp um sig sokkana og setja saman lið.

Síðustu árin hafa engin lið komið utan af landi til mótsins. Er Skagamanna þar sárlega saknað, og hafa menn spurt sig að því hvort sá þjóðflokkur sé í útrýmingarhættu. Eru lögmenn af landsbyggðinni hvattir til að skella sér í bæinn og taka þátt í mótinu.

Verði ágreiningur um kaup og sölu leikmanna milli liða, eða annars konar ágreiningur sem upp kann að koma, þá hefur verið skipuð sérstök úrskurðarnefnd í slíkum málum, og skipa þá nefnd sem fyrr þau Marteinn Másson hdl. og Þórunn Guðmundsdóttir hrl. Ber nefndin heitið, úrskurðarnefnd Teina og Tótu.

*Eb. Nefndarinnar,
Smári Hilmarsson, hdl.*

Á hótélherbergi í miðborginni sat Olga og taldi peninga. Hún hafði verið í partíi með íslenskum lögmanni og sá ætlaði nú aldeilis að greiða fyrir atvinnuleyfinu, sem senn var að renna út. Hana langaði ekkert til heimalandsins því hér var allt fljótandi í peningum og skrýtnum, saklausum köllum sem áttu nóg af þeim. Lögmaðurinn hafði

Lögmaðurinn hafði nefnilega útskýrt fyrir henni að hún ætti sinn rétt vegna þess að art. 65 í stjórnarskrá bannaði að gera greinarmun á erótískum dansi, ballet eða fimleikum.

nefnilega útskýrt fyrir henni að hún ætti sinn rétt vegna þess að art. 65 í stjórnarskrá bannaði að gera greinarmun á erótískum dansi, ballet eða fimleikum. Það skipti ekki máli hvort súlan væri lárétt eða lóðrétt, hvort það hétu æfingar á tvíslá eða stöng. Það var eitthvað með „stodu at odru leyti“ og þessu til staðfestu fékk hún nafnspjald Marðar. Þetta var skrýtið nafn og skrýtnir stafir. Henni fannst nafnið hans jafnvel hálf skuggalegt. Kannski var hann enginn lögmaður. Hún skildi ekki allt sem stóð á spjaldinu, en það var traustvekjandi og hún mundi að hann leit heldur meinleysislega út. Sakar ekki að hringja ef hann reddar þessu atvinnuleyfi, hugsaði Olga.

Mánudagurinn rann upp. Mördur kom á skrifstofuna og horfði flóttalegur á nýja ritarann á stofunni, ótalandi ungling. „Hva“, af hverju horfir þú svona?, spurði Mördur. „Æ, bara, ekkert, en það er eitthvað á enninu á þér, og svo er ó-geðs-lega þungt loft hérna.“ „Hringdi einhver“, spurði Mördur. „Já, það var einhver kona eða eitthvað, en það var bara svo erfitt að skilja hana – vá, hún talaði bara einhverja ensku og íslensku til skiptis og ég skildi hana varla. Hún sagði að hún vildi „mannréttindi til að dansa“ og ætlar að hringja aftur. Hey, svo var hún bara með einhverjar ýktar hótanir og sagði alltaf „murder lawyer, murder lawyer“. Ég var geedeðveikt hrædd, var að pæl í að hringi í lögguna eða eitthvað “. „Nei, nei þetta hefur bara verið einhver herna - einhver rugluð bara - en ég skal taka símann ef hún hringir aftur“, svaraði Mördur. Hann fór inn til sín og horfði í spegilinn. Honum leið eins og aðalpersónu í raunhæfu verkefni eftir Jónatan Þórmundsson. Heimfærslan var hlutdeild í tilraun til brots gegn blygðunarsemi, m.ö.o: einkadans.

A man in a dark suit and tie is standing in a library, looking down at a book he is holding. The library has tall wooden bookshelves filled with books, and the lighting is warm and focused on the man.

Er þín starfsemi tryggð?

Þú færð starfsábyrgðartryggingu lögmanna hjá VÍS sem býður fjölbreytt úrval váttrygginga fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Samkvæmt lögum nr. 77/1998 þurfa lögmenn að hafa starfsábyrgðartryggingu. Hringdu í síma 560 5060 og fáðu nánari upplýsingar.



VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF

Ármúla 3, 108 Reykjavík, 560 5060, www.vis.is